FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
153. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —




# Allt að 60% afsláttur

Reykjavík, Akureyri og Ísafirði    www.husgagnahollin.is




## SCOTT

Hornsófi úr sterku, koniaksbrúnu, bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum (mjög endingargóðum) svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járni. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm

**229.492 kr.** ~~269.990 kr.~~

**15%** AFSLÁTTUR

## RIA

Nettir og einstaklega þægilegir 2ja og 3ja sæta sófar. Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði



**25%** AFSLÁTTUR

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~



## EASY

Rúmgóður u-sófi í dökkgráu slitsterku áklæði. Stílhrein hönnun.
Stærð: 310 × 205 × 86 cm

**25%** AFSLÁTTUR

**194.993 kr.** ~~259.990 kr.~~

## ANDREA

Glæsilegir og vandaðir 2ja og 3ja sæta leðursófar og stóll.

**20%** AFSLÁTTUR



2ja sæta: 165 x 90 x 91 cm
**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~

3ja sæta: 209 x 90 x 91 cm
**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~

Stóll: 108 x 90 x 91 cm
**111.992 kr.** ~~139.990 kr.~~



Akahlutir á mynd: Hnakka- og armpúðar.

IDdesign

## UMBRIA

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 326 × 261 × 78 cm

**25%** AFSLÁTTUR

**277.493 kr.** ~~369.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## FRIDAY

Hornsófi 2H2SL. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 300 x 300 x 90 cm

**223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## FRIDAY

Hornsófi 2H3SL. Dökkgátt slitsterkt áklæði. Stærð: 330 x 260 x 90 cm

**239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~

# FRÉTTABLAÐIÐ

153. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. JÚLÍ 2019


## Valitor fellst á að greiða 1.200 milljónir í skaðabætur

**VIÐSKIPTI** Greiðslumiðlunarfyrirtækið Valitor, dótturfélag Arion banka, hefur fallist á að greiða Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) samtals 1.200 milljónir króna í skaðabætur fyrir að slíta samningi um greiðslugátt fyrir söfnunarfé til WikiLeaks sumarið 2011. Gengið hefur verið frá samkomulagi þess efnis, sem er í samræmi við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í apríl, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

**3,2**

**milljörðum nam umfang tjónsins að mati dómkvaddra matsmanna.**

Með samkomulaginu lýkur áralöngum deilum og málaferlum félaganna fyrir dómstólum. Forsaga málsins er sú að WikiLeaks tók við styrkjum í gegnum greiðslugátt sem Datacell og SPP ráku en hún var opnuð 7. júlí 2011. Degi síðar sleit Valitor samningnum fyrirvaralaust. Hæstiréttur sló því föstu með dómi vorið 2013 að riftun samningsins væri ólögmæt og frá þeim tíma hafa málaferli staðið um skaðabótakröfur vegna riftunar. Dómkvaddir matsmenn mátu tjónið á 3,2 milljarða króna.

Valitor sendi frá sér tilkynningu í lok maí þar sem fram kom að félagið hygðist áfrýja fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Nú verður hins vegar ekkert af því að málið komi til kasta Landsréttar.

Arion banki hefur þegar tekið tillit til neikvæðra áhrifa dóms héraðsdóms á afkomu bankans. Valitor var sett í formlegt söluferli fyrr á þessu ári og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er áætlað að áhugasamir fjárfestar skili inn óskuldbindandi tilboðum í félagið fyrir miðjan þennan mánuð. **– hae /** **sjá síðu 8**



**Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Datacell og SPP.**



# Hvernig skal viðhalda hreysti hugans?

Með hækkun lífaldurs fjölgar þeim sem greinast með heilabilun. Sjúkdóminn sem enn er ráðgáta og herjar á stóran hluta heimsins. Hvað getum við gert til þess að forðast heilabilun og viðhalda heilahreysti? **12**

**Allt sem stuðlar að almennri hreysti og vellíðan er gott fyrir heilann.**

María Kristín Jónsdóttir taugasálfræðingur

## Breyta upplýsingalögum að tillögu atvinnulífsins

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðherra kynnir nú á samráðsgátt stjórnvalda áform um breytingar á upplýsingalögum sem koma til móts við tillögur Samtaka atvinnulífsins í þágu einkahagsmuna fyrirtækja. Tillögur SA voru kynntar fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins í aðdraganda nýsamþykktra breytinga á lögunum.

Efnislega lúta áformin að því að sett verði ákvæði í upplýsingalög um skyldu stjórnvalda til að leita afstöðu þriðja aðila áður en stjórnvald tekur afstöðu til beiðna um upplýsingar sem varða hann.

Einnig er áformað í samræmi við tillögur SA að varði úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál þriðja aðila með einhverjum hætti verði nefndinni skylt að birta honum úrskurðinn enda þótt hann eigi ekki aðild að málinu.

Þá er í þriðja lagi stefnt að því að veita þriðja aðila sérstakan rétt til að krefjast þess að réttaráhrifum úrskurða úrskurðarnefndarinnar um afhendingu upplýsinga verði frestað vilji hann bera gildi hans undir dómstóla.

Til að varpa ljósi á hverjir geti talist til ‚þriðja aðila' í þessu samhengi má nefna að eggjaframleiðandinn Brúnegg ehf. hefði talist þriðji aðili í úrskurði úrskurðarnefndarinnar sem skyldaði Matvælastofnun til að veita fréttamanni aðgang að upplýsingum um aðbúnað og fjölda dýra í húsakynnum eggjaframleiðandans árið 2015. **– aá**




## Veður



Suðaustlæg eða austlæg átt 5-13 m/s og rigning eða súld um sunnan- og vestanvert landið. Bjart að mestu norðaustan til en þykknar upp síðdegis með dálitlli úrkomu í kvöld og nótt. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast norðaustan til, en heldur svalara á morgun. SJÁ SÍÐU 26

# Flokkuð sem negri hjá mæðravernd

**HEILBRIGÐISMÁL** Eva Þóra Hartmannsdóttir var í 25 vikna skoðun hjá Mæðravernd er hún rak augun í orðið negríti á sjúkraskýrslu sinni.

„Mér brá rosalega mikið þegar ég sá þetta orð en þegar ég spurði hvað þetta þýddi fékk ég svarið að þetta hafi bara alltaf verið svona fyrir minn kynþátt.“

Eva segist ekki hafa fengið neinn rökstuðning fyrir því að fólk sé flokkað eftir kynstofnum og furðar sig á því að ekki sé notast við upprunaland líkt og í vegabréfum. „Þú heyrir aldrei um að neinn sé skilgreindur sem kákasíti þegar talað er um hvítt fólk.“

Eva hafði aldrei heyrt orðið negríti áður þó það sé ekki leyndarmál að það komi frá orðinu negri. Væru rök fyrir því að flokka fólk eftir kynþáttum væri auðvelt að finna faglegra orð.



**Eva Þóra Hartmannsdóttir.**

„Ég er hjúkrunarnemi og ég veit að það er nýkomið rafrænt kerfi hjá mæðravernd og spyr mig hvers vegna það sé verið að skilgreina fólk svona í þessu fyrst þetta er svona glænýtt kerfi,“ segir Eva.

Að sögn Evu var hún ekki upplýst fyrir fram um hvers vegna hún þyrfti að fara í sykurþolspróf ólíkt vinkonum sínum en fékk það svar síðar að það væri vegna aukinna líka kvenna af afrískum uppruna á því að fá meðgöngusykursýki. Vonandi verði hætt að nota forneskjuleg hugtök til að flokka fólk. „Það er ekki eins og það sé ómögulegt að gera eitthvað í því,“ segir Eva. **– kdi**

## Á útopnu



Íslandsmeistaramót í hestaíþróttum fer nú fram í Víðidal í Reykjavík. Í gær var meðal annars keppni í fjórgangi ungmenna. Þorgils Kári Sigurðsson á Fáki frá Kaldbak fór mikinn á vellinum. Mótið stendur til sunnudags. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af ungu hestafólki er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Fyrrum ráðherra talinn hæfastur

**STJÓRNSÝSLA** Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er metin hæfust umsækjenda um starf verkefnastjóra Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna (EFA). Alls sóttu 45 um starfið. Tveir voru boðaðir í lokaviðtöl; Ragnheiður Elín og Grímur Atlason sem stýrði Iceland Airwaves um árabil.

Í umsögn stjórnar EFA segir að Ragnheiður uppfylli mjög vel hlutlægar og huglægar hæfniskröfur starfsins og sé talin hafa staðið öðrum umsækjendum framar á heildina litið.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin (EFA) verða veitt í Hörpu í desember 2020. **– aá**



**Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra.**

# Háir skjólveggir sagðir skemma götumyndina

**Íbúar í Urriðaholti hafa margir brotið gegn sérstökum skilmálum í deiliskipulagi hverfisins með því að reisa of háa skjólveggi sem skemma götumyndina. Framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf. vill að Garðabær bregðist við þessum óleyfisframkvæmdum.**



Sérstakir skjólveggjaskilmálar eru til staðar í Urriðaholti í Garðabæ og hafa íbúar í einhverjum tilfellum brotið gegn þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er hlutur sem hefur byrjað smátt og smátt, haldið áfram og svo er þetta orðið það umsvifamikið að það er farið að skemma götumynd hverfisins,“ segir Jón Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf., sem farið hefur fram á að Garðabær grípi inn í og geri eitthvað í of háum og fagurfræðilega ófullnægjandi skjólveggjum sem íbúar hafi verið að reisa í óleyfi.

Sérstök ákvæði eru um framkvæmd og uppsetningu skjólveggja í deiliskipulagi hverfisins sem Jón Pálmi vill að bærinn fylgi eftir.

Urriðaholt ehf. var upphaflegur eigandi landsins sem hverfið reis á og þróaði skipulag og hugmyndafræði þess í samráði við Garðabæ.

Í bréfi Jóns Pálma, sem lagt var fyrir bæjarráð Garðabæjar í vikunni, segir að stór þáttur í skipulagi Urriðaholts sé að skapa aðlaðandi götumynd fyrir íbúa hverfisins. Ákvæði um skjólveggina hafi því verið sett til að tryggja það.

Jón Pálmi segir að þrátt fyrir ítrekuð bréf Garðabæjar til lóðarhafa, húsfélaga, umræður á vettvangi íbúa, upplýsingar og ábendingar á heimasíðu félagsins þá sé staðan sú að í langan tíma hafi staðið skjólveggir sem „eru í hróplegu ósamræmi við deiliskipulag og til þess fallnir að rýra götumynd hverfisins. Farið er fram á að Garðabær bregðist nú þegar við óleyfisframkvæmdum og sjái til þess að þessum málum sé komið í lag,“ eins og segir í erindinu.

> Það er okkar mat að það sé enn mikið af þessu sem þarf að laga.

Jón Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf.



„Einhverjir hafa brugðist við ábendingum Garðabæjar en aðrir ekki. Það er okkar mat að það sé enn mikið af þessu sem þarf að laga,“ segir Jón Pálmi í samtali við Fréttablaðið.

Aðspurður segir hann skjólveggjaskilmálana fyrst og fremst fagurfræðilegs eðlis til að götumyndin haldi sér. Meiri bragur sé á því að horfa á fallega garða og húshliðar en röð af skjólveggjum með fram götunni.

„Menn hafa verið að reisa of háa veggi og of nálægt lóðamörkum.“

Jón Pálmi segir að ekki sé hægt að láta þessar óleyfisframkvæmdir og brot á deiliskipulagi viðgangast og mikilvægt að bæjaryfirvöld sýni festu í þessu máli.

**mikael@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu útsölublaðið á husa.is



# Sumar ÚTSALA

## Húsasmiðjunnar og Blómavals

## Allt að 50% afsláttur

Trjáplöntur -50% • Sumarblóm -30-50% • Sláttuvélar -25-35% • Útipottar -30%
Reiðhjól -30-40% • Garðhúsgögn -25-40% • Broil King grill og fylgihlutir -25-30%
Lady málning -25% • Pallaolía og viðarvörn -20% • Hekkklippur -25-40%
Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40% • Matarstell og glös -30%
Útipottar -30% • Pottar og pönnur -30% • Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25%
ELKOP tröppur og stigar -30% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%
Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Blöndunartæki -25%
Valdar flísar og parket -40% • Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20%

... auk hundruð annarra útsölutilboða



Hekkklippur og orf saman í setti ásamt rafhlöðua

30% afsláttur

TEXAS

**15.995 kr**

~~22.995 kr~~

**Hekkklippur og orf 18V**
50 cm lengd á hekkklippum, klippigeta allt að 15 mm. Orf með 25 cm sláttubreidd, stillalegt skaft og 18V, 1.5Ah rafhlaða og hleðslutæki fylgir.
5083640



50% afsláttur

Sólboði

**890 kr**

~~1.790 kr~~



50% afsláttur

Margarita

**990 kr**

~~1.990 kr~~



30% afsláttur

BLACK+DECKER

**24.497 kr**

~~34.995 kr~~

**Rafmagnssláttuvél**
1600W, 38 cm sláttubreidd, notendavæn hönnun á handfangi. Tilvalin fyrir garða allt að 600 m².
5085193



25% afsláttur

Broil King

**27.338 kr**

~~36.450 kr~~

**Gasgrill Porta Chef 120**
Brennari 4,1 kW, postulín húðuð grillgrind, grillflötur: 46x31 cm, hliðarhillur.
3000612



25% afsláttur

Broil King

**46.492 kr**

~~61.990 kr~~

**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317

IKRA mogatec

25% afsláttur



**9.745 kr**

~~12.995 kr~~

**Keðjusög**
2200W, 40 cm sverð, þyngd 5,4 kg.
5083730

32% afsláttur



BLACK+DECKER

**16.995 kr**

~~24.995 kr~~

**Borvél 18V + 80 fylgihlutir**
2 stk., 18V (1.5Ah) Li-ion batterí og hleðslutæki, LED ljós, 40Nm, 10 mm patróna.
5245561

# Fimm mánaða skilorð fyrir fjárdrátt

**ÍSAFJÖRÐUR** Fyrrverandi starfsmaður velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt í opinberu starfi og peningaþvætti.

Brotin áttu sér stað á þriggja ára tímabili, frá 2015 til aprílmánaðar 2018. Starfsmaðurinn, sem er kona á fimmtugsaldri, dró sér 1,3 milljónir króna af reikningum ellefu skjólstæðinga velferðarsviðs. Alls var um að ræða 211 millifærslur eða úttektir á debetkorti. Notaði hún meðal annars peninga skjólstæðinganna til að greiða eigin reikninga. Hæsta einstaka upphæðin var 80 þúsund krónur.

Konan sagði fyrir dómi að hún sæi mikið eftir þessu og málið hefði haft alvarlegar afleiðingar fyrir sig persónulega. Ísafjarðarbær var búinn að greiða skjólstæðingunum til baka en konunni var gert að greiða bænum 1,5 milljónir í skaðabætur með vöxtum ásamt málsvarnarlaunum.

„Það er ákveðinn léttir að málinu sé lokið, en þetta er fyrst og síðast sorglegt. Þetta er mannlegur harmleikur á alla kanta,“ segir Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Við erum ánægð með viðbrögðin hér innanhúss. Svo líka að það hafi tekist fljótt að gera upp við skjólstæðingana þó svo að dómsmálið hafi tekið sinn eðlilega tíma.“ **– ab**



**Málið komst upp við innra eftirlit Ísafjarðarbæjar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Ambati Rayudu.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Krikketstjórnu boðið til Íslands

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska krikketsambandið bauð indversku stjörnunni Ambati Rayudu að koma til Íslands og sækja um dvalarleyfi. Rayudu var ekki valinn í indverska landsliðið fyrir heimsmeistaramótið sem fram fer í Bretlandi. Í kjölfarið lagði hann kylfuna á hilluna.

Vakti þetta uppátæki mikla athygli í heimalandi Rayudu og birtust fréttir á stærstu miðlum landsins um það. Til dæmis India Today, Indian Times og Indian Express.

„Þetta tilboð var nú gert í gríni,“ segir Jakob Wayne Robertson, talsmaður og fyrrverandi formaður íslenska krikketsambandsins. „Við myndum auðvitað taka við Rayudu, en við gætum ekki greitt honum nein laun. Hann er atvinnumaður.“

Krikket hefur verið spilað á Íslandi í 20 ár. Í úrvalsdeildinni eru fimm lið og eru þau að langmestu leyti skipuð innflytjendum. **– khg**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

# Aðgerðir VR hafi vegið að sjálfstæði sjóðsstjórnarinnar

*Fjármálaeftirlitið sendi bréf á lífeyrissjóði um að taka samþykktir sínar til skoðunar til að koma í veg fyrir að mál Lífeyrissjóðs verslunarmanna endurtaki sig. Stofnunin segir að gamla stjórnin sé enn með umboð. Hún hefur einnig staðið í bréfaskiptum við stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna vegna framgöngu VR.*

**LÍFEYRISMÁL** Fjármálaeftirlitið telur aðgerðir VR í garð stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verslunarmanna (LIVE) hafa vegið að sjálfstæði stjórnarinnar.

Í dreifibréfi sem FME sendi á stjórnir allra lífeyrissjóða eru stjórnirnar beðnar um að taka samþykktir sínar til skoðunar með það að leiðarljósi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður sé mögulegt að afturkalla umboð stjórnarmanna.

Fulltrúaráð VR samþykkti á fundi fyrir tveimur vikum að afturkalla umboð allra fjögurra stjórnarmannanna sem félagið skipar í stjórn LIVE og tilnefna nýja í þeirra stað. Brugðið var á það ráð í kjölfar vaxtahækkunar á breytilegum verðtryggðum húsnæðislánum til sjóðfélaga.

Taldi stjórn VR það trúnaðarbrest að hækka vexti, það gengi í berhögg við markmið kjarasamninga. Þessu neituðu stjórnarmennirnir, sögðu að um væri að ræða lítinn hóp lántaka sem aðrir sjóðfélagar væru að niðurgreiða með of lágum vöxtum.

„Ef ákvörðun um afturköllun á tilnefningu stjórnarmanna lífeyrissjóðsins og skipun nýrra aðila af hálfu VR byggð á framangreindum sjónarmiðum VR frá 18. júní síðastliðinn nær fram að ganga megi líta svo á að um tilraun til beinnar íhlutunar í stjórn lífeyrissjóðsins sé að ræða,“ segir í áliti frá FME. Með óbeinum hætti væri ætlunin að færa ákvörðunarvald frá stjórn lífeyrissjóðsins. „Það vegur að sjálfstæði stjórnar og góðum stjórnarháttum.“



**Fjármálaeftirlitið telur Ólaf Reimar Gunnarsson enn stjórnarformann LIVE þrátt fyrir afturköllun VR á umboði stjórnarmanna sinna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME, staðfesti að stofnunin hefði staðið í bréfaskiptum við LIVE vegna málsins síðustu daga. Dreifibréfið sé til komið þar sem málið hafi vakið spurningar um hvernig staðið skuli að því að skipta út stjórnarmönnum.

„Þetta mál varðar meira en bara þennan lífeyrissjóð. Það eru áhöld um það hvaða reglur gilda um afturköllun á umboði stjórnarmanna. Lög eru býsna hljóð um þetta atriði og það er tekið á því á mismunandi hátt í samþykktum lífeyrissjóðanna,“ segir Jón Þór.

Daginn eftir stjórnarfund VR, þar sem stjórn LIVE var skipt út, sendi FME bréf til stjórnarmanna og tjáði þeim að litið væri svo á að þeir væru enn í stjórn.

Jón Þór segir það mat FME að Ólafur Reimar Gunnarsson sé enn stjórnarformaður LIVE. „Við lítum svo á að gamla stjórnin hafi enn fullt umboð. Það var ekki rétt staðið að afturkölluninni og ný skipan hefur ekki tekið gildi,“ segir Jón Þór. Næsta skref sé að sjá hvað stjórn VR geri, afturkalli umboð stjórnarmannanna á nýjan leik og skipi nýja stjórn, eða ekki.

„Það er ekki útilokað að það verði gerð tilraun til að skipa nýja stjórn, þá með réttum hætti sem standist lagaskilyrði. Við viljum brýna fyrir mönnum þegar slíkt stendur til að hafa í huga sjálfstæði stjórna og að stjórnir hafi skyldur gagnvart öllum lífeyrisþegum. Og þá jafnframt að skoða eigin samþykktir þannig að þetta verði gert með betri hætti í framtíðinni.“

FME hefur ekki viljað afhjúpa innihald samskiptanna við stjórn LIVE. „Það er óhætt að segja frá því að við lítum svo á að þessi afturköllun á umboði stjórnarmanna hafi ekki verið rétt framkvæmd,“ segir Jón Þór.

Ekki náðist í Ólaf Reimar Gunnarsson. Í tilkynningu frá Ólafi í gærkvöldi þar sem vitnað er til álits FME segir að VR hafi verið „óheimilt að afturkalla umboð stjórnarmanna í Lífeyrissjóði verslunarmanna“.
**arib@frettabladid.is**



**Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME, segir að málið snerti fleiri lífeyrissjóði en LIVE.**

> **Við lítum svo á að gamla stjórnin hafi enn fullt umboð. Það var ekki rétt staðið að afturkölluninni og ný skipan hefur ekki tekið gildi.**
>
> Jón Þór Sturluson



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites

# TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN NISSAN LEAF

## Á SUMARKJÖRUM MEÐ FERÐAPAKKA




100% rafdrifinn Nissan Leaf er vinsælasti rafbíll landsins og sá mest seldi í heiminum.
Leaf er með 40 kWh rafhlöðu sem dregur allt að 270 km.*

**FORSALA ER HAFIN Á LEAF MEÐ 62kWh RAFHLÖÐU SEM DREGUR ALLT AÐ 385 KM.**

Þeir sem tryggja sér nýjan Leaf í júlí fá að auki glæsilegan ferðapakka fyrir bílinn að verðmæti allt að 250.000 krónur.

**Nissan Leaf Acenta.**
**Verð frá 4.390.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunverulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM94764

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

B|L

# Óverjandi að bíða ekki með framkvæmdirnar

**UMHVERFISMÁL** Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir óverjandi að VesturVerk skuli ekki hafa beðið með framkvæmdir í Hvalá. „Mín persónulega skoðun er allavega sú að það sé rétt að bíða eftir úrskurði nefndarinnar, ekki síst í jafn umdeildu máli.“

**Mín persónulega skoðun er allavega sú að það sé rétt að bíða eftir úrskurði nefndarinnar.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra



Hvalárvirkjun á Ströndum hefur verið gríðarlega umdeild framkvæmd. Umhverfisráðherra, sem er fyrrverandi formaður Landverndar, segir hins vegar hendur sínar bundnar í þessu tilviki. Hann geti ekki friðlýst svæðið með pennastriki. Samkvæmt lögum verði slík ákvörðun að fara í gegnum Alþingi eða að samþykki bæði sveitarstjórnar og landeigenda liggi fyrir.

Framkvæmdaleyfi VesturVerks var kært til úrskurðarnefndar. Að sögn Guðmundar mun það aðeins taka nokkrar vikur að fá úr því skorið hvort framkvæmdir verða stöðvaðar eða ekki. **– okp**










# Íslendingum bjóðast tækifæri á Indlandi

**Formaður Indversk-íslensku viðskiptasamtakanna segir Íslendinga og Indverja geta grætt vel á gagnkvæmum viðskiptum. Íslendingar gætu sótt út með þekkingu á sjávarútvegstækni, fiski og endurnýjanlegum orkugjöfum.**

**UTANRÍKISMÁL** Gríðarleg tækifæri bjóðast Íslendingum á indverskum markaði, þar sem um 800 milljónir eru í millistétt og mynda einn stærsta neytendamarkað heims.

Þetta segir Prasoon Dewan, formaður Indversk-íslensku viðskiptasamtakanna (IIBA), í samtali við Fréttablaðið. Samtökin stóðu fyrir fyrirtækjastefnumóti hér á landi í síðasta mánuði, ásamt Indversk-íslenska viðskiptaráðinu og indverska sendiráðinu í Reykjavík. Fulltrúar sjö indverskra fyrirtækja og tíu íslenskra sóttu fundinn.

„Ísland og Indland deila mörgum einkennum menningar og sögu. Á meðan Ísland á elsta lýðræðið er Indland ein elsta siðmenningin, allt að átta þúsund ára. Rannsóknir á fornminjum hafa sýnt langa hefð fyrir viðskiptum Indverja við þjóðir annarra heimsálfa. Indland til forna var mikil miðstöð viðskipta. Tækifæri bíða beggja þjóða til þess að vinna að nánari tengslum,“ segir Dewan.

Að sögn Dewan gætu Íslendingar einna helst sótt á indverskan markað með tæknivörur og sérfræðiþekkingu er varðar endurnýjanlega orku, heilbrigðisþjónustu, líftækni, sjávarútvegstækni, matvinnslu, kjöt og fisk. Þá gætu Íslendingar notið góðs af þekkingu Indverja á upplýsingatækni, ferðaþjónustu, innviðauppbyggingu, fjarskiptum og gervihnöttum.

„Þegar við lítum til viðskipta gætu Íslendingar hagnast á kostnaði framleiðslu og þjónustu með samvinnu við indversk fyrirtæki. Þar sem Indland er stór markaður gæti jafnvel smár hluti gert mikið fyrir íslensk fyrirtæki,“ segir Dewan og bætir við:

„Vegna vinnu Guðmundar Árna Stefánssonar sendiherra náðu íslensk fyrirtæki að fá leyfi frá Nýju-Delí til þess að flytja út lambakjöt til Indlands. Íslendingar eru heimsþekktir fyrir lambakjöt sitt. Hið sama gildir um íslenskan fisk.“

Þá segist Dewan sjá að tengsl séu að myndast á milli ríkjanna er kemur að flugsamgöngum, ferðaþjónustu, hönnun og menntun svo fátt eitt sé nefnt. „Ríkin tvö geta grætt mikið á því að deila þekkingu sinni og á því hversu stórt indverska hagkerfið er.“

Dewan segir endurkjör Narendra Modi forsætisráðherra þýða að indverskt viðskiptaumhverfi verði opnara fyrir alþjóðasamfélaginu.



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Prasoon Dewan, formaður Indversk-íslensku viðskiptasamtakanna, hér á landi í síðasta mánuði.

**Hugmyndin um beint flug á milli Nýju-Delí og Reykjavíkur mun svo fjölga tækifærum enn frekar.**

Prasoon Dewan, formaður Indversk-íslensku viðskiptasamtakanna

„Á síðustu fimm árum hafa stjórnvöld einfaldað ýmsar reglugerðir,“ segir formaðurinn og nefnir til dæmis skattamál, vernd fyrir fjárfestingar og breytingar á dómstólum.

Dewan segir samtök sín, IIBA, leika mikilvægt hlutverk í að tengja menningu og viðskiptalíf ríkjanna tveggja. Samtökin aðstoði meðlimi á hvaða hátt sem þarf. Þá segir hann samtökin njóta fulls trausts og stuðnings sendiráðs Indlands á Íslandi og sendiráðs Íslands á Indlandi.

„Persónulegt samband mitt við Ísland spannar rúm tuttugu ár og hefur hjálpað til við að styrkja þessi tengsl. Sem formaður IIBA er það skylda mín að tryggja samstarf og viðskipti á milli ríkjanna. Fyrsta opinbera sendinefndin sem Indverjar sendu til Íslands, sem IIBA skipulagði með stuðningi sendiráðanna, kom til Reykjavíkur í júní og náði góðum árangri.“

Dewan segir Indverja og Íslendinga þar hafa rætt um tækifæri á sviði kísilvinnslu, matvælaframleiðslu, textílframleiðslu, lyfjatækni og ferðamennsku.

„Hugmyndin um beint flug á milli Nýju-Delí og Reykjavíkur mun svo fjölga tækifærum enn frekar og styrkja ferðamennsku á milli ríkjanna,“ segir Prasoon Dewan.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Kjósa um sameiningu eystra í haust

**SVEITARSTJÓRNIR** Kjósa á á um sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi 26. október í haust.

„Þeim sem eru búin að vera að vinna í þessu líst ágætlega á þetta en það er erfitt að átta sig á því hvað fólki finnst, það eru mismunandi sjónarmið í flestum sveitarfélögunum,“ segir Stefán Bogi Sveinsson, varaformaður byggðarráðs Fljótsdalshéraðs.

Sveitarfélögin sem um ræðir eru Borgarfjörður eystri, Djúpivogur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður. Stefán Bogi segir að undirbúningsnefnd sé búin að fara yfir fjárhagslegar forsendur og setja upp ákveðnar tillögur. „Verið er að leggja lokahönd á gögn sem kynnt verða á íbúafundum,“ segir hann.

Til að sveitarfélögin fjögur sameinist þarf einfaldan meirihluta í hverju þeirra. „Verði tillagan ekki samþykkt í öllum sveitarfélögunum er heimilt að sameina þau sveitarfélög þar sem íbúar samþykktu, að því gefnu í þeim búi að minnsta kosti ⅔ íbúanna og að ⅔ hluti sveitarfélaganna samþykki,“ segir í frétt á vef Fljótsdalshéraðs.



Stefán Bogi Sveinsson, varaformaður byggðarráðs Fljótsdalshéraðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**3.547**

**búa á Fljótsdalshéraði, 676 á Seyðisfirði, 461 á Djúpavogi og 108 í Borgarfjarðarhreppi.**

Stefán Bogi útskýrir að þetta þýði að vegna íbúafjölda geti þrjú af sveitarfélögunum sameinast jafnvel þótt eitt samþykki ekki svo framarlega sem Fljótsdalshérað sé eitt þeirra þar sem sameiningin verður samþykkt. **– gar**

# TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGAR

**4.-8. júlí**

**Taxfree* af öllum snyrtivörum**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

## Auka hlutafé um 300 milljónir

Hluthafar Kynnisferða juku við hlutafé fyrirtækisins um 300 milljónir króna í fyrra. Þetta staðfestir Björn Ragnarsson, forstjóri Kynnisferða. Hann segir að eiginfjárhlutfallið sé rétt í kringum 20 prósent og eignarhlutur hluthafa hafi ekki tekið breytingum.

Alfa, sem er í eigu Einars og Benedikts Sveinssona og fjölskyldu, á 65 prósent í Kynnisferðum og sjóður á vegum Stefnis keypti 35 prósenta hlut árið 2015.

Björn staðfestir einnig að Kynnisferðir hafi verið reknar í kringum núllið á árinu 2018 en árið áður hafði félagið tapað 314 milljónum króna.

Þar með er þó ekki björninn unninn. Rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu hefur mætt nokkru andstreymi í ár með gjaldþroti WOW air, verkföllum og kyrrsetningu Boeing 737 MAX 8 flugvéla sem Icelandair hugðist taka í rekstur í vor. **– hvj**



**Björn Ragnarsson, forstjóri Kynnisferða.**

## Wellington selur í Eimskip

Tveir sjóðir á vegum bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Wellington Management hafa minnkað hlut sinn í Eimskipi úr 2,8 prósentum í 0,7 prósent frá því í febrúar.

Annar sjóðurinn átti 0,6 prósent og hefur selt allan hlut sinn. Hluthafalisti flutningafyrirtækisins hafði ekki verið uppfærður frá 8. febrúar fyrr en nú við upphaf júlímánaðar.

Birta lífeyrissjóður, sem er fimmti stærsti hluthafi Eimskips, jók við eign sína úr 4,5 prósentum í 5,8 prósent, samkvæmt hluthafalistunum.

Á umræddu tímabili lækkaði gengi Eimskips í Kauphöll um átta prósent en Úrvalsvísitalan hækkaði um 18 prósent. **– hvj**

# Valitor fellst á að greiða Datacell og SPP 1.200 milljónir

**Samkomulag náðst um að greiðslumiðlunarfyrirtækið, sem er í eigu Arion banka, greiði Datacell og SPP, rekstrarfélagi WikiLeaks, skaðabætur í samræmi við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í apríl. Áralöngum deilum félaganna er því lokið. Fjárfestar skila inn óskuldbindandi tilboðum í Valitor um miðjan júlí.**

Greiðslumiðlunarfyrirtækið Valitor, dótturfélag Arion banka, hefur fallist á að greiða Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) samtals 1.200 milljónir króna í skaðabætur fyrir að slíta samningi um greiðslugátt fyrir söfnunarfé til WikiLeaks sumarið 2011. Gengið hefur verið frá samkomulagi þess efnis, sem er í samræmi við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í apríl síðastliðnum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Með samkomulaginu lýkur því áralöngum deilum og málaferlum félaganna fyrir dómstólum. Forsaga málsins er sú að WikiLeaks tók við styrkjum í gegnum greiðslugátt sem Datacell og SPP ráku en hún var opnuð 7. júlí 2011. Degi síðar sleit Valitor samningnum fyrirvaralaust. Hæstiréttur sló því föstu með dómi vorið 2013 að riftun samningsins væri ólögmæt og frá þeim tíma hafa málaferli staðið um skaðabótakröfur vegna riftunar. Dómkvaddir matsmenn mátu tjónið á 3,2 milljarða króna.

Valitor hafði áður sent frá sér tilkynningu í lok maímánaðar þar sem fram kom að það hygðist áfrýja fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem komst að þeirri niðurstöðu að félaginu væri gert að greiða Datacell og SPP 1.200 milljónir króna í bætur. Ekkert verður hins vegar nú af því að málið komi til kasta Landsréttar.

Dómarar í málinu töldu þá að veikleikar væru á þeim forsendum sem tölfræðilegir útreikningar matsmanna byggðust á og því væri ekki unnt að leggja niðurstöðu matsgerðarinnar til grundvallar sem sönnunargagn um umfang tjónsins.





**Greiðslugáttinni sem WikiLeaks þáði styrki í gegnum var lokað fyrirvaralaust af Valitor 8. júlí 2011, degi eftir opnun hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**600**

**milljónir eru þau neikvæðu áhrif sem dómur Héraðsdóms Reykjavíkur hafði á afkomu Arion banka.**

Krafa um vexti og dráttarvexti aftur í tímann kom ekki til álita í dóminum. Þá hljóðaði aðalkrafa Datacell og SPP í málinu upp á 8,1 milljarð.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Datacell og SPP, sagði í samtali við Fréttablaðið eftir niðurstöðu dómsins í apríl að hann hefði vonast til þess að matsgerðinni yrði ekki ýtt til hliðar. „Svo erum við ekki sáttir við dráttarvextina en þetta er samt sigur," sagði Sveinn.

Í séráliti sem Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari skilaði kom fram að hann væri sammála meirihluta dómara um að riftun samningsins hafi leitt til fjárhagslegs tjóns. Hins vegar væri hann ósammála því að skilyrði sé fyrir því að ákvarða Datacell og SPP skaðabætur að álitum. Stefnendur hafi ekki fært nægilegar sönnur á fjártjón sitt og því bæri að sýkna Valitor af kröfum þeirra.

Valitor var sem kunnugt er sett í formlegt söluferli fyrr á þessu ári og er ætlun Arion banka, eiganda félagsins, að selja greiðslumiðlunarfyrirtækið að hluta eða fullu. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fáist í ferlið á þessu ári. Bankinn hefur áður sagt að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur myndi ekki hafa áhrif á söluferlið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er áætlað að áhugasamir fjárfestar skili inn óskuldbindandi tilboðum í félagið fyrir miðjan þennan mánuð.

Arion banki hefur þegar tekið tillit til neikvæðra áhrifa dómsins á afkomu bankans. Í tilkynningu sem bankinn sendi frá sér eftir dóminn kom fram að hann hefði neikvæð áhrif á afkomu bankasamstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi sem nema um 600 milljónum króna.

Landsbankinn mun þurfa að greiða hluta þeirrar fjárhæðar, eða samtals um 456 milljónir króna, sem samkomulag hefur náðst um að greiða í skaðabætur til Datacell og SPP. Ástæðan er sú að þegar Landsbankinn seldi eignarhlut sinn í Valitor til Arion banka í desember 2014 gekkst Landsbankinn í ábyrgðir fyrir 38 prósentum af þeim upphæðum sem Valitor kynni að þurfa að greiða vegna fjögurra mála. Þeirra á meðal var málarekstur Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) gegn Valitor. **hordur@frettabladid.is**


FORD FIESTA
Á SUMARTILBOÐI

Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir akstursseiginleikar, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

- Ökumannspakki 2 sem innifelur: Umferðaskiltalesara, ökumannsvaka, birtuskynjara fyrir aðalljós, hraðatakmarkara og 4,2 TFT litaskjá
- Upphitanleg framrúða
- Hljómtækjapakki sem innifelur: 8" snertiskjá, 7 hátalara, SYNC III raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu
- Bluetooth símabúnaður
- Apple CarPlay, Android Auto
- Ford MyKey
- Akstulstölva
- 16" álfelgur
- LED dagljós að framan
- Nálægðarskynjari að aftan og rafdrifin aðfelling útispegla
- Brekkuaðstoð
- Easy Fuel eldsneytisáfyllingarkerfi án bensínloks
- Vindskeið að aftan





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Opið laugardaga kl. 12-16

ford.is


Troðfull verslun af merkjavöru
Hreinsun!
70%
afsláttur af öllum vörum
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO
ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Er hægt að forðast heilabilun?

**Hundruð Íslendinga greinast með heilabilun á hverju ári og sjúkdómurinn veldur mikilli skerðingu á lífsgæðum fólks. Þeir sem greinast með sjúkdóminn þurfa að miklu leyti að reiða sig á aðra því honum fylgir minnistap, skert hugsun og minnkun á vitrænni getu. Flest tilfelli eru af völdum hrörnunar í heila, en hvernig getum við komið í veg fyrir að heili okkar hrörni og viðhaldið hreysti hans?**

## Mikilvægt að huga að hreysti hugans til að sporna við heilabilun



**María Kristín Jónsdóttir**
taugasálfræðingur

Talið er að um þrjú hundruð einstaklingar greinist með heilabilun hér á landi á hverju ári. Sjúkdómurinn er ógnvekjandi og hefur mikil áhrif á líf þeirra sem með hann greinast. María Kristín Jónsdóttir taugasálfræðingur segir mikilvægt að efla hreysti hugans til þess að minnka líkurnar á því að fá heilabilun. Með aukinni heilahreysti sé hægt að draga úr líkum á heilabilun.

„Við erum að þjálfa heilann alla ævi, því alla ævi lærum við eitthvað nýtt. Við getum breytt heilanum og myndað nýjar taugafrumur á fullorðinsaldri en lengi vel héldu menn að það væri alls ekki hægt, heilinn væri fullmyndaður á einhverjum tilteknum aldri og svo sætum við uppi með hann. Það er líklegt að þetta hafi svo mótað dálítið afstöðu manna til þess hvernig þeir mættu ellinni, minnistapi og sjúkdómum á borð við heilabilun,“ segir María.

„Það er vel þekkt að oft finnast Alzheimer-breytingar í heila fólks eftir andlátið án þess að það hafi greinst með sjúkdóminn í lifanda lífi eða haft einkenni um hann. Þannig virðist viðnám fólks gegn þessum breytingum í heila mismikið. Sumir hafa mikið viðnám, aðrir lítið eða minna,“ bætir hún við.

Engar skyndilausnir eru til sem fyrirbyggja það að fólk fái heilabilun og mælir María gegn því að fólk falli fyrir slíkum lausnum til dæmis í formi bætiefna. Hún segir fólk geta unnið sér í haginn í gegnum lífið með heilbrigðum lífsstíl og menntun svo dæmi séu tekin. „Með þessu aukum við líkurnar á því að þegar sjúkdómurinn byrjar þá stöndumst við áhlaup hans betur og einkennum seinkar en ef við hefðum öðruvísi heila og værum við slæma almenna heilsu.“

Þegar María er spurð að því hvernig þjálfa megi heilann segir hún margt koma til greina. „Mikilvægt er að huga vel að almennri hreysti og hreyfingu, til dæmis að passa blóðþrýsting og annað slíkt, og samskiptum við annað fólk, góðum svefni og næringu og að koma í veg fyrir of mikla streitu og andlega vanlíðan. Allt sem stuðlar að almennri hreysti og vellíðan er gott fyrir heilann. En auðvitað er mikilvægt að örva hugann og það er hægt að gera á svo margan hátt. Með samskiptum við aðra, lestri, læra eitthvað nýtt, handavinnu, smíðum, spilamennsku, og svo framvegis.“

María segir einnig að mikilvægt sé að hafa fjölbreytni í því sem fólk tekur sér fyrir hendur eigi það að minnka líkurnar á heilabilun. „Það er varasamt að hugsa bara um að þjálfa heilann til að seinka þróun heilabilunar eða líta á heilann sem eitthvert einangrað fyrirbæri. Heilbrigður heili fæst meðal annars með heilbrigðu líferni, almennri hreysti, góðri menntun, fjölbreyttri örvun í daglegu lífi og félagsskap við annað fólk. Og þarna erum við að horfa á allt æviskeiðið. Lausnin er sem sagt ekki að sitja í sama horninu heima við og leysa sams konar sudokuþrautir dag eftir dag.“

**» Um þrjú hundruð einstaklingar greinast með heilabilun á hverju ári hér á landi. 70% þeirra greinast með Alzheimer-sjúkdóm.**

**» Aldur er stærsti áhættuþáttur heilabilunar og þar á eftir koma erfðir. Þessir tveir þættir eru orsök meirihluta tilfella, eða um 67%.**

### Helstu einkenni

- Minnisskerðing
- Framtaks- og frumkvæðisleysi
- Málstol
- Verkstol
- Dómgreindarskerðing og skortur á innsæi
- Skert ratvísi
- Óáttun í tíma og rúmi
- Erfiðleikar við skipulag
- Persónuleikabreytingar
- Breyting á persónulegu hreinlæti
- Kvíði og depurð/þunglyndi
- Ranghugmyndir og ofskynjanir

## Menntun á unga aldri og félagsleg virkni góð forvörn gegn heilabilun



**Jón G. Snædal**
yfirlæknir í öldrunarlækningum á Landspítalanum

Að greinast með heilabilun getur verið mikið áfall. Erfitt getur verið að horfast í augu við sjúkdóminn og þær breytingar sem honum fylgja. Jón G. Snædal, yfirlæknir í öldrunarlækningum á Landspítalanum, segir hægt að tileinka sér ákveðna þætti til þess að hægja á sjúkdómseinkennum.

„Það skiptir töluvert miklu máli að viðhafa virkni. Virknin þarf að vera bæði andleg og líkamleg og sú andlega þarf að vera fjölbreytt. Hún þarf að fela í sér samskipti við annað fólk og fjölbreytt verkefni. ekki vera einhæf heldur vinna gegn vanvirkni. Vanvirkni heilu dagana dregur úr lífsgæðum og í raun og veru getur hraðað ferlinu,“ segir Jón.

Hann segir enga eina leið liggja að því að fyrirbyggja heilabilun en að ýmsar aðgerðir geti dregið úr líkunum á því að fólk fái sjúkdóminn á efri árum. „Það er fyrst og fremst að fólk sinni heilsu sinni vel. Áhættuþættirnir eru þeir sömu og fyrir hjarta- og æðasjúkdóma sem flestir þekkja vel, hreyfing og hollt mataræði. Það er það sem skiptir mestu máli en það sem er sérstakt þegar kemur að heilabilun er tvennt. Menntunarstig og vinna gegn félagslegri einangrun,“ segir Jón.

„Góð menntun á unga aldri virðist draga úr líkum á heilabilun svo það að vinna gegn brottfalli úr skólum og sjá til þess að börn fái góða menntun hefur í raun og veru forvarnaráhrif, en náttúrulega dálítið löngu síðar. Svo er hitt sem skiptir máli þegar fólk er orðið eldra, það er að vinna gegn félagslegri einangrun. Félagsleg einangrun er áhættuþáttur fyrir sjúkdóma af þessu tagi,“ bætir hann við.

Aðspurður um helstu orsakir heilabilunar segir Jón að orsakirnar séu ekki að öllu leyti þekktar og að í mörgum tilvikum komi sjúkdómurinn öllum að óvörum líkt og skrattinn úr sauðarleggnum.

„Í fyrsta lagi ber að nefna aldur og í öðru lagi erfðir. Þetta eru tveir áhættuþættir sem fólk fær auðvitað engu ráðið um og þeir eru orsökin í tveimur þriðju hluta tilfella. Einn þriðji er hins vegar þeir þættir sem hægt er að hafa áhrif á svo sem heilsa, mataræði, menntun og félagsleg virkni,“ segir Jón að lokum.

**Einn þriðji er hins vegar þeir þættir sem hægt er að hafa áhrif á svo sem heilsa, mataræði, menntun og félagsleg virkni.**

Jón G. Snædal

SKOÐAÐU TILBOÐIN OKKAR Á ORMSSON.IS

# AEG DAGAR

## 15-20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM **AEG** VÖRUM ORMSSON




ÞVOTTAVÉLAR ÞURRKARAR UPPÞVOTTAVÉLAR




HELLUBORÐ VEGGOFNAR ÖRBYLGJUOFNAR ELDAVÉLAR KÆLISKÁPAR

LÍTIL HEIMILISTÆKI RYKSUGUR KAFFIVÉLAR FRYSTISKÁPAR VÍNKÆLIR HÁFAR OG MARGT FLEIRA...

**TEFAL**

POTTAR OG PÖNNUR



20-25% afsláttur

**brabantia**

FAGNA 100 ÁRUM



RUSLAFÖTUR OG BÚSÁHÖLD

20% afsláttur

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18

ormsson

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

# Eru andoxarar lykillinn að langlífi?

Um nokkuð langt skeið höfum við vitað að við efnaskiptin í líkamanum myndast ákveðin efni sem hafa verið kölluð radikalar eða sindurefni. Þessi ákveðnu efni hafa verið talin sérstaklega hættuleg í miklu magni og þau eigi að hafa neikvæð áhrif á heilsu okkar.

Sérstaklega hefur það verið rætt að þau ýti undir öldrun líkamans auk þess sem þau eigi að hafa neikvæð áhrif á ýmis líffæri og geti í verstu tilfellum leitt til hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameina og hvers kyns óværu. Líkami okkar þarfnast súrefnis til að lifa, megintilgangurinn með súrefninu er að ýta undir ákveðin efnahvörf þar sem orkuefnum er breytt í orku og niðurbrotsefnin vatn og koltvísýring. Þannig halda frumur okkar áfram að starfa og líkaminn að virka. Ferlið er afar flókið og koma mjög margir þættir við sögu, en í stuttu máli er þetta það sem gerist. Það er við þessar kringumstæður sem þessi svokölluðu sindurefni verða til.

Þar sem við höfum til nokkuð langs tíma velt vöngum yfir því hvaða atriði það eru sem hafa áhrif á meingerð sjúkdóma, myndun krabbameina, hrörnun og öldrun, hafa þessi efni fengið neikvæða athygli á þann veg að talið hefur verið gott að draga sem mest úr álagi af þeirra völdum. Það sem einna helst er talið valda myndun þeirra er hefðbundin líkamsstarfsemi, mengun, reykingar, geislun, mataræði, áfengisdrykkja, streita og þannig mætti lengi telja. Í grunninn nánast hvað sem við gerum. Til að útskýra á einfaldan hátt hvers vegna sindurefnin ættu að skemma líkamann hefur verið bent á sams konar virkni í tengslum við rotnun matvæla, ryðgaða málma, fölnandi málningu og almenna hrörnun bygginga. Það er auðvelt að átta sig á því að það hljóti að virka eins í líkamanum.

Það er á þessum grunni sem kenningin um öldrun af þeirra völdum hefur orðið til og þá einnig hvers vegna það hljóti að vera allra meina bóta að taka til sín sem mest af svokölluðum andoxunarefnum í því augnamiði að ná einhvers konar jafnvægi eða jafnvel yfirhöndinni. Mjög margt hefur verið sett fram sem andoxunarefni með raunverulega virkni í tilraunaglasi, hægt er að efast um að öll sú virkni sé til staðar eftir að hafa borið á sig krem með slíkum innihaldsefnum eða innbyrt vökva, duft eða pillur sem eiga að sýna sömu virkni.

Þeir sem eru hvað harðastir telja að best sé að taka til sín andoxunarefni með hefðbundnum mat og eru sumar matvörur sérstaklega öflugar í sinni andoxunarvirkni. Þar má nefna ávexti og grænmeti sem eru rík af A-, C- og E-vítamínum. Bláber, jarðarber, hindber, laukur, tómatar sem dæmi eru mjög rík af flavonóíðum. Ekki má gleyma polyphenolum sem er að finna í ýmsu kryddi eins og negul, karrí, kanil, hnetum og ýmsu fleira. Öll þessi fræði hafa gert mann ruglaðan í raun og neytendur vita hvorki upp eða niður hvað þeir eiga að gúffa í sig þá stundina og er í tísku sem „aðal“ andoxarinn.

Sumir vísindamenn í dag segja að öll þessi fræði séu ekki rétt. Sindurefnin hafi ekki þessi vondu áhrif sem okkur hefur verið talin trú um á undanförnum árum. Sindurefnin hjálpi meira að segja til og komi í veg fyrir öldrun! Ljóst er að ekki eru öll kurl komin til grafar og það verður spennandi að fylgjast með þróuninni á þessu sviði á næstu árum. Líklega er jafnvægi og heilbrigt líferni lykilinn að öllu þessu sem fyrr.

**Til að útskýra á einfaldan hátt hvers vegna sindurefnin ættu að skemma líkamann hefur verið bent á sams konar virkni í tengslum við rotnun matvæla, ryðgaða málma, fölnandi málningu og hrörnun bygginga.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is



# Aðstandendur gegna stóru hlutverki

Þegar einstaklingur greinist með heilabilun hefur það í för með sér breytingar sem ekki einungis hafa áhrif á hann sjálfan heldur einnig á aðstandendur. Erfitt getur reynst að sætta sig við sjúkdóminn og þær breytingar sem honum fylgja og vilja aðstandendur í mörgum tilvikum létta undir með þeim sem greinst hefur.

Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna á Íslandi, segir mikilvægt að þekkja bæði sjúkdóminn og fyrstu einkenni hans vel til að létta undir með þeim sem greinst hafa. „Okkar heilræði er að reyna að stuðla að því á fyrstu stigum sjúkdómsins að líf þess veika verði sem innihaldsríkast og líkast því sem það var áður. Mikilvægt er að ræða saman opinskátt um sjúkdóminn og hlusta á hvað einstaklingurinn sjálfur vill þegar kemur að þjónustu. Þá er gott að forðast allar meiriháttar breytingar og aðstæður sem geta valdið þeim veika óróleika eða óöryggi,“ segir Vilborg.

Hún hefur unnið mikið með aðstandendum heilabilaðra og leggja samtökin mikið upp úr því að hlúa að þeim sem og þeim sem eru greindir með sjúkdóminn. Vilborg gefur lesendum í þessum aðstæðum góð ráð. „Því miður verður það oft svo að það að annast ástvin með heilabilunarsjúkdóm reynir mjög mikið á. Við ráðleggjum aðstandendum að gleyma ekki að hugsa um sjálfa sig líka og leita sér aðstoðar til dæmis innan fjölskyldunnar þannig að ábyrgðin hvíli á fleirum. Aðstandendum býðst ráðgjöf og jafningjastuðningur hjá sérfræðingum Alzheimersamtakanna en það hefur hjálpað mjög mörgum að finna stuðning frá öðrum í sömu sporum.“

Mikilvægt er að þeir sem greinast með heilabilun séu meðvitaðir um það sem koma skal og afli sér upplýsinga um sjúkdóminn. „Þeir sem greinast ættu að byrja á að lesa sem mest og kynna sér sem mest um sjúkdóminn. Gott ráð er að byrja strax að ræða opinskátt um stöðuna við sína nánustu, samstarfsmenn og vini. Þeir sem farið hafa þá leið að segja sem flestum frá því hvernig komið er, segja að það hafi hjálpað þeim mikið og þeir fundið fyrir stuðningi frá nærumhverfinu,“ segir Vilborg.

„Gott er líka að byrja að kynna sér hvaða þjónusta er í boði. Þegar sjúkdómurinn er kominn á ákveðið stig eru sérhæfðar dagþjálfanir mjög gott úrræði þar sem virknin er Við ráðleggjum aðstandendum að gleyma ekki að hugsa um sjálfa sig líka mikil og hefur verið sýnt fram á að slík þjálfun hægir á sjúkdómnum. Þar er líka í boði mikill stuðningur fyrir aðstandendur. Þegar lengra líður getur verið skynsamlegt að setja niður hvernig viðkomandi vill haga til dæmis sínum fjármálum eða meðferð við lífslok tímanlega á meðan hann er fær um að taka slíkar ákvarðanir, “ bætir hún við.

Alzheimersamtökin vinna ýmislegt starf sem tengist sjúkdómnum og eru forvarnir stór þáttur í starfinu. „Það sem við gerum sem samtök í forvarnarskyni er að veita mikla fræðslu, bæði til aðstandenda, sjúklinganna sjálfra og heilbrigðisstarfsfólks. Vitundarvakning almennings er sérstaklega mikilvæg núna þar sem líkur eru á að fjöldi þeirra sem greinast á næstunni margfaldist. Ástæðan er fyrst og fremst að á næstu árum fjölgar mjög í aldurshópnum eldri en 65 ára en þótt minnissjúkdómar séu ekki öldrunarsjúkdómar aukast líkur á að fá sjúkdóminn með aldrinum.“

## Ráð til aðstandenda

- Fá einstaklinginn með í það sem hann hefur getu til.
- Hvetja hann til að gera það sem hann mögulega ræður við.
- Horfa á jákvæðu hliðarnar og hrósa þegar vel gengur.
- Vera róleg og veita öryggiskennd.
- Nota kímni ef við á, hún dregur úr spennu og léttir lund.

**Við ráðleggjum aðstandendum að gleyma ekki að hugsa um sjálfa sig líka.**



Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna

# TÖSKUDAGAR!

## 25% AFSLÁTTUR

## ALLAR SKÓLA TÖSKUR




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð á töskum gildir til og með 8. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Úr lofti líkist svæðið helst abstrakt málverki.** MYND/ÓMB

# Álftavatnskrókar – náttúruperla sem bragð er að

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Syðra-Fjallabak er sérlega áhugavert svæði, ekki síst fyrir þá staðreynd að þangað koma langtum færri ferðamenn en á Nyrðra-Fjallabak sem liggur um hinar vinsælu Landmannalaugar. Á Syðra-Fjallabaki er þó enginn skortur á náttúruperlum, frekar en á því nyrðra, en stórar ár eins og Syðri-Ófæra og Hólmsá sjá til þess að þær eru ekki eins aðgengilegar ferðafólki. Á Syðra-Fjallabaki er svæði sem vert er að skoða og kallast Álftavatnskrókar; krókar sem eru sannkallað augnakonfekt sem hægt er að mæla með. Þeir liggja í dalverpi milli Svarthnjúksfjalla og Bláfjalls, ekki langt frá Eldgjá og Hólaskjóli. Ef ekið er að þeim þaðan verður fyrst að fara yfir Syðri-Ófæru en það er einungis hægt á vel búnum jeppa eða rútu því vaðið er bæði stórgrýtt og straumhart. Náttúran í Álftavatnskrókum er engu lík, ekki síst fyrir allan gróðurinn og fuglalífið, en þarna eru vötn með iðgrænum bökkum og smálækjum sem státa af skemmtilegum og öðruvísi fossum. Gaman er að ganga upp á nálægar hæðir eða hraun og fá þannig yfirsýn yfir landslagið sem minnir á abstrakt listaverk. Þarna rekur Útivist skemmtilegan skála en einnig er boðið upp á ágætt tjaldstæði. Flestir ferðast í Álftavatnskróka akandi en margir koma þangað ríðandi eða á tveimur jafnfljótum frá Hólaskjóli. Álftavatnskrókar eru þá fyrsti náttstaðurinn á frábærri gönguleið, Strútsstíg, sem liggur frá Hólaskjóli og vestur í Hvanngil, rétt austan við Álftavatn. Úr Hvanngili má síðan halda áfram syðri hluta Laugavegarins í Þórsmörk og jafnvel alla leið yfir Fimmvörðuháls að Skógum. Þeir hörðustu byrja gönguna við Sveinstind hjá Langasjó, halda síðan suður í Skælinga, þaðan í Hólaskjól og áfram í Álftavatnskróka, eftir Strútsstíg og inn á Laugaveginn. Þegar ekið er í vestur frá Álftavatnskrókum í áttina að Reykjavík er tilvalið að staldra við á leiðinni og skoða Rauðubotna og Hólmsárvöð. Einnig er ógleymanlegt að ganga á Mælifell á Mælifellssandi en eftir gönguna má skella sér í notalega heita Strútslaug. Enginn verður svikinn af Syðra-Fjallabaki sem sífellt býður til veislu þar sem ekki er of mörgum boðið.



Fókus á hjarta landsins



**Í Álftavatnskrókum er auðvelt að finna hugarró í kyrrlátri náttúru.** MYND/TG



**Álftavatnskrókar eru algjört konfekt fyrir augað.** MYND/ÓMB

# PIER

# ÚTSÖLUSPRENGJA

# 20-70%

## AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

KORPUTORG OG SELFOSS

## RÝMINGARSALA Á SMÁRATORGI

# 50-70%

## AFSLÁTTUR*

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

A WORLD OF INSPIRATION PIER BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 4. júlí - 10. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG
LAU 10-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

KORPUTORG
LAU 12-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS
LAU 10-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

# Af hverju?



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Félagsmálaráðherra landsins ber aukatitilinn barnamálaráðherra, og fullt heiti er því félags- og barnamálaráðherra. Vísast á þessi aukatitill „barnamálaráðherra“ að vera til marks um umhyggju stjórnvalda fyrir börnum og ungmennum. Því miður er þessi umhyggja oft æði takmörkuð og ekki ratar hún alltaf þangað sem sár þörf er fyrir hana. Ef hún væri sönn og ekta myndi hún beinast að þeim börnum sem líða þjáningar og hið augljósa markmið væri þá að gera allt sem mögulegt væri til að gera líf þessara ungu einstaklinga betra. Hins vegar er það svo að þegar slík umhyggja kann að kosta stjórnvöld einhver óþægindi þá eru þau yfirleitt furðu fljót að koma sér í skjól. Nýleg dæmi blasa við og eru æði sorgleg.

Zainab Safari frá Afganistan er fjórtán ára stúlka sem þráir ekkert heitar en að fá að búa á Íslandi. Hún dvaldi í flóttamannabúðum á Grikklandi ásamt móður sinni og bróður en kom með þeim til Íslands. Hér líður henni vel og hún er umvafin væntumþykju samnemenda sinna í Hagaskóla. Hlutskipti hennar virðist þó eiga að vera það að vera vísað aftur til Grikklands þar sem óvissan ein bíður hennar. Vinir hennar hér á landi skilja ekki óréttlætið sem í þessu felst og eru ekki reiðubúnir að sætta sig við það. Þeir tala máli hennar af krafti, ástríðu og væntumþykju en fyrir þeim verður kerfi sem hlustar ekki á tilfinningarök og er þess vegna ómanneskjulegt.

Hinn afganski Asadollah og ungir synir hans, Ali og Mahdi, níu og tíu ára fréttu nýlega af því að vísa átti þeim úr landi. Annar sonurinn fékk taugaáfall og var fluttur á bráðamóttöku barnaspítala Hringsins. Vegna þessa hefur brottvísuninni verið frestað tímabundið. Sú frestun virðist gerð í von um að drengurinn jafni sig þannig að hægt sé að vísa honum burt. Þessi drengur var ásamt bróður sínum að byggja upp nýja tilveru eftir sára reynslu sem ætti ekki að leggja á litlar og saklausar sálir. Nú bíður þeirra að vera fluttir úr landi. Þannig er af fullkomnu miskunnarleysi verið að kippa fótum undan tilveru barna sem bjuggu við neyð og óöryggi en töldu sig vera komin í skjól.

Endalaust má horfa á sjónvarpsfréttir af neyð úti í löndum og andvarpa samúðarfullt vegna þeirra skelfilegu aðstæðna sem börn á flótta þurfa að búa við og hugsa um leið hversu nauðsynlegt sé að koma þeim til bjargar. Þessi samúð er alls einskis virði ef enginn vilji er til að hjálpa þessum börnum þegar tækifæri gefst til þess. Það má skreyta félagsmálaráðherra með heitinu barnamálaráðherra en ef umhyggja stjórnvalda sýnir sig ekki í reynd þegar þörf er á þá er hún ósönn. Af hverju sýna stjórnvöld ekki mannúð í verki? Þau geta ekki endalaust falið sig á bak við reglugerðir. Ef reglugerðir eru óréttlátar þá er skylda stjórnvalda að rísa upp og krefjast breytingar á því. Ef velferð barna skiptir stjórnvöld raunverulegu máli þá eiga þau að taka sér stöðu með þeim börnum sem þola þjáningar. Ekki umvefja sig þögn.

**Það má skreyta félagsmálaráðherra með heitinu barnamálaráðherra en ef umhyggja stjórnvalda sýnir sig ekki í reynd þegar þörf er á þá er hún ósönn.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Leiðin á toppinn**

- **Leikfélag Reykjavíkur**
- **Leikfélag Akureyrar**
- **Ríkisútvarpið**
- **Þjóðleikhúsið**
- **Bessastaðir**

**Kynjahallinn**

**Fjórar konur og þrír karlar sækja um stöðu Þjóðleikhússtjóra.**

**Tuttugu og fimm af þrjátíu helstu menningarstofnunum landsins er stýrt af konum.**

**Eftir að Ragnheiður Elín Árnadóttir lagði Grím Atlason fyrir hæfni sakir í baráttunni um stjórn Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna ættu konur að geta vel við unað og mun hún án efa gera konum í listum hátt undir höfði líkt og aðrar liststýrur landsins.**

**Og sé Þjóðleikhúsið aðeins biðstofa eftir frekari vegtyllum, geta þær sótt aftur um þegar Guðni sest í helgan stein og Þjóðleikhúsið losnar.**

**adalheidur@frettabladid.is**

# Heilsufarshrun



Guðrún Magnúsdóttir
hjúkrunarfræðingur

Lífsstílstengdir sjúkdómar leiða til 86 prósenta allra dauðsfalla á Vesturlöndum. Rekja má um 70 til 80 prósent af öllum heilbrigðiskostnaði til þeirra. Rúmlega 60 prósent Íslendinga eru yfir kjörþyngd og fimmtungur þjóðarinnar glímir við offitu. 23 þúsund landsmanna eru með sykursýki og um 80.000 með hækkaðan blóðsykur. Meginorsökin er neysla orkuríkrar en næringarsnauðrar fæðu ásamt aukinni kyrrsetu. Tölurnar sýna að rúmlega helmingur þjóðarinnar er á heilsufarslegum yfirdrætti. Fáir virðast tilbúnir til að horfast í augu við skuldadaga. Undanfarið hafa háværar raddir hagsmunaaðila í matvæla- og landbúnaðariðnaði mætt umræðu um sykurskatt harkalega. Háværustu mótrökin eru að inngripið teljist til forræðishyggju og frelsisskerðingar. Aðrir telja að niðurgreiðsla á hlaupaskóm gæti skilað sambærilegum árangri fyrir lýðheilsu.

Hagsmunaaðilar hafa bent á að sykurskatturinn 2013 hafi ekki skilað árangri, en umrædd tilraun stóð ekki yfir nema í eitt og hálft ár sem er of skammur tími til að meta árangur. Þá var álagningin ekki nægilega há og verðbreytingin ekki áþreifanleg fyrir neytendur. Rannsóknir sýna að verðbreyting sem nemur 20 prósenta hækkun á matvæli geti dregið úr neyslu um sömu prósentu. Reynsla þeirra ríkja sem skattlagt hafa sykruð matvæli er að dregið hefur úr neyslunni. Skaðinn er skeður. Núverandi tillaga um sykurskatt er einfaldlega hluti af neyðarúrræðum stjórnvalda til að bregðast við heilsufarslegu gjaldþroti Íslendinga. Vandinn er stærri en kílóverðið á nammibarnum. Raunveruleikinn er sá að stór hluti þjóðarinnar ræður ekki við núverandi aðgengi að sykruðum og óæskilegum matvælum.

Landsmenn hafa hingað til séð sjálfir um að skerða frelsi sitt með öfgafullri neyslu á óæskilegum matvælum með tilheyrandi höggi á andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði. Sykurskatturinn einn og sér leysir ekki vandann en er einn hlekkur í hagkvæmri og skilvirkri pólitískri inngripakeðju sem horfir til langs tíma fremur en meðferð og meðhöndlun lífsstílstengdra sjúkdóma. Aðrir mikilvægir hlekkir í keðjunni eru betri merkingar á matvælum, fjármagn til fræðslu- og forvarnarstarfa ásamt bættu aðgengi að hollari matvælum.

**Raunveruleikinn er sá að stór hluti þjóðarinnar ræður ekki við núverandi aðgengi að sykruðum og óæskilegum matvælum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þegar hermangið fluttist búferlum

Í DAG

Þorvaldur Gylfason



Reykjavík – Enn rifjast hún upp fyrir mér spurningin sem einn helzti listamaður þjóðarinnar beindi til mín við kvöldverðarborð í heimahúsi: Datt ykkur ekki í hug að bjóða þeim að halda þýfinu í skiptum fyrir nýju stjórnarskrána? Ekki mitt að bjóða, svaraði ég. Spurningin er áleitin enda þykist ég sjá í hendi mér að áhugi almennings á afhjúpun hrunþýfisins o.fl. muni fara stigvaxandi eftir því sem Alþingi heldur nýju stjórnarskránni lengur í gíslingu enda er henni öðrum þræði ætlað að draga úr líkum þess að sagan endurtaki sig.

**Tíu þúsund fjölskyldur**

Einkavæðing bankanna 1998-2003 var í reyndinni lítt dulbúið bankarán eins og margar heimildir vitna um. Alþingi samþykkti 2012 að verða við kröfum um rannsókn málsins en þingið hefur þó ekki enn hirt um að standa við eigin samþykkt. Gamalgróin spilling réði för. Upphaflegur ásetningur um dreift eignarhald á bönkunum var að engu hafður. Ríkisendurskoðun taldi söluverðið of lágt eins og yfirskrift einnar greinarinnar í löngum greinaflokki Sigríðar Daggar Auðunsdóttur blaðamanns um málið hér í blaðinu 2005 vitnar um: „Gleymdist að ræða verðið". Búnaðarbankinn var seldur hópi manna í tengslum við Framsóknarflokkinn. Brýnt var talið að „Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við" svo vitnað sé í þeirra eigin orð.

Í öllum bönkum voru helztu eigendur bankans meðal stærstu lántakenda hans. Gjaldþrot þriggja stærstu bankanna 2008 eru samanlagt þriðja stærsta gjaldþrot heimsins frá öndverðu skv. upplýsingum Fjármálaeftirlitsins. Tíu þúsund fjölskyldur misstu heimili sín, ein fjölskylda af hverjum tólf um landið. Kaupendur Landsbankans og Búnaðarbankans veittu hverjir öðrum lán til að fjármagna kaupin að hluta. Allur ferillinn var stráður lögleysum eins og m.a. Sverrir Hermannsson fv. bankastjóri Landsbankans lýsti úr návígi í mörgum beittum blaðagreinum. Samsekt yfirvalda lýsti sér m.a. í því að Sverrir var aldrei kvaddur til að bera vitni.

Sagan af einkavæðingunni varð æ skrautlegri eftir því sem á leið. Í ljós kom að þýzki bankinn Hauck & Aufhäuser var aldrei í reynd fjárfestir í Búnaðarbankanum ólíkt því sem haldið var fram. Í bók sinni Kaupthinking (2018) lýsir Þórður Snær Júlíusson blaðamaður margháttuðum lögbrotum Kaupþingsmanna. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis frá 2010 hafði áður lýst föllnu bönkunum svo að þeir hafi allir verið eins í grófum dráttum.

**Bankarnir keyptu sér frið**

Eigendur og stjórnendur bankanna vissu hvað þurfti til að þeir fengju frið til að fara sínu fram. Þeir veittu samtals 147 mkr. 2004-2008 til stjórnmálasamtaka (91 mkr.) og til einstakra stjórnmálamanna (56 mkr.) svo sem fram kemur í skýrslu RNA (8. bindi, bls. 164-9). Þessar tölur eru samt ofl ágar því gögn fundust ekki um greiðslur Glitnis til stjórnmálamanna né heldur fundust tæmandi gögn um fyrirgreiðslu bankanna við stjórnmálamenn og samtök þeirra í fríðu (boðsferðir, risna o.fl.). Sjálfstæðisflokkurinn tók við 43,5 mkr. frá bönkunum 2006, þar af 30 mkr. frá sínum banka, Landsbankanum. Samfylkingin tók við 26 mkr., þar af 11,5 mkr. frá Kaupþingi og 8,5 mkr. frá Landsbankanum. Framsókn tók við tæpum 17 mkr., þar af 11 mkr. frá sínum banka, Kaupþingi. Þessar fjárhæðir má tvöfalda til að snara þeim á núvirði. Sem sagt: Þegar Kaninn kvaddi 2006 fluttist hermangið yfir í bankana.

Bankarnir mokuðu einnig lánsfé í þingmenn, fé sem ekki er vitað hvað varð um þar eð afskriftir bankanna eru leynilegar þótt fréttir berist af þeim við og við. Tíu þingmenn skulduðu bönkunum 100 mkr. eða meira við hrun hver um sig (RNA, 2. bindi, bls. 200). Ekki hefur komið fram opinberlega hvernig skuldaskilum þessara þingmanna og annarra var háttað. Bankarnir keyptu sér frið. Þeir þurftu ekki að óttast afskipti Alþingis. Þeir héldu flokkana og ýmsa þingmenn þeirra á fóðrum bæði fjárhagslega og með því að raða flokksmönnum í nefndir og ráð á sínum vegum.

**Ríki í ríkinu**

Ef allt væri eins og það á að vera myndu lögregla og saksóknarar hafa látið á það reyna fyrir dómstólum hvort fyrirgreiðsla bankanna við þingmenn jafngilti mútum í skilningi hegningarlaga. Þetta skiptir máli þar eð ríkisstjórn gömlu einkavæðingarflokkanna og eins flokks enn er byrjuð að einkavæða banka á nýjan leik án þess að hafa gert upp við fortíðina til fulls. Fleira hangir á spýtunni. Ef Alþingi væri eins og það ætti að vera kæmi fram krafa þar um rannsókn á fjárhagstengslum þingmanna, stjórnmálaflokka og útvegsfyrirtækja sem hafa þegið gríðarleg verðmæti af þinginu í gegnum kvótakerfið og hegða sér enn eins og bankarnir fram að hruni: eins og ríki í ríkinu.





Hún er fyrir löngu búin að sanna sig



EcoSilence Drive™ 10 ára ábyrgð á mótornum
A+++ Orkuflokkur
Kolalaus mótor

Tilboðsverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 144.900 kr.
Þvottavél, WAT 2849BSN

Við bjóðum nú hina eftirsóttu Bosch-þvottavél, WAT 2849BSN, á stórkostlegu tilboðsverði.

Vél þessi er búin öllum þeim þvottakostum og eiginleikum sem menn þurfa á að halda í dagsins önn. Hún tekur mest **9 kg** og er með íslensku stjórnborði. **1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++**. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn **mótor með 10 ára ábyrgð**. Tromlan fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mínútna hraðþvottakerfi. Skyrtukerfi. Tromluhreinsun. Mjög stöðug og hljóðlát.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2018

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Fimm ára ábyrgð fylgir stórum heimilistækjum frá Siemens, Bosch og Gaggenau hjá Smith & Norland, að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á **www.sminor.is/is/abyrgdarskilmalar**.

Gildir til og með 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Ekki bara Brexit



Michael Nevin
sendiherra Bretlands á Íslandi

Umræðan um Bretland hefur á síðustu misserum eðlilega snúist mikið um „Brexit“ og það pólitíska drama sem því fylgir. Við getum öll haft okkar skoðanir á þróun mála í sambandi við fyrirhugaða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, en það er mikilvægt að setja hlutina í samhengi. Styrkleikar Bretlands haldast áfram hinir sömu. Lýðræði er greinilega enn við lýði, virkar vel og veitir aðhald, og stofnanir okkar halda áfram að starfa faglega í gegnum hinn pólitíska stórsjó. „Keep calm and carry on.“

Í gegnum alla pólitísku óvissuna heldur efnahagslíf Bretlands enn áfram að vaxa, jafnvel meira en hjá sumum af hinum stærstu hagkerfum Evrópu á síðasta ári. Atvinnuleysi hefur aldrei mælst jafn lágt. Bretland er eftir sem áður helsti áfangastaður fyrir erlendar fjárfestingar í Evrópu. Á síðastliðnu ári voru 13 „einhyrnings“-fyrirtæki í Bretlandi (sprotafyrirtæki sem eru metin á einn milljarð Bandaríkjadala eða það sem nemur um 125 milljörðum króna). Fjármálageirinn okkar er hnattrænn, með London sem leiðandi fjármálaþjónustumiðstöð. Bresk fyrirtæki halda áfram að vinna með fyrirtækjum frá öðrum löndum, þar á meðal á Íslandi þar sem fyrirtæki eins og Barclays aðstoðar við að stækka fjármálageira Íslands og Bird & Bird aðstoða Isavia við að þróa flugvelli og ná fram hagkvæmum opinberum innkaupum.

Við höldum áfram að leitast við að leiða og þróa vöxt framtíðarinnar. Í Tæknivikunni í London í júní lagði breski forsætisráðherrann áherslu á fjárfestingu breskra tæknifyrirtækja fyrir 1,2 milljarða sterlingspunda, andvirði um 190 milljarða króna, með 2.500 stöður við þróun gervigreindar. Fyrirtæki eins og digi.me, sem einnig starfa með íslenska heilbrigðisgeiranum, sýna fram á að tækni í heilbrigðisvísindum getur leitt til markvissari og þar af leiðandi skilvirkari úrræða í heilbrigðisþjónustu.

Bretland er eftir sem áður þungavigtarríki í alþjóðasamstarfi. Við eigum fast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, og erum eina landið sem ver bæði 2% af vergri þjóðarframleiðslu til varnarmála og 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunaraðstoðar. Bretlandi mun í ár halda 70 ára afmælisleiðtogafund NATO, auk alþjóðlegrar ráðstefnu um fjölmiðlafrelsi og ráðstefnu um að hindra kynferðislegt ofbeldi á átakasvæðum. Við veitum aðstoð til að koma í veg fyrir og draga úr átökum og styðjum alþjóðlega þróunaraðstoð með hlutverki okkar í alþjóðastofnunum eins og Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna (ásamt Íslandi), G7 og G20, ÖSE, Alþjóðaviðskiptastofnuninni o.fl. Bretland er nú að vinna í því að stækka utanríkisþjónustu sína og að fjölga starfsfólki um 1.000.

Bretland er svo lánsamt að búa yfir gríðarmiklum áhrifamætti á menningarsviðinu. Þar má nefna fjölmiðla okkar, en BBC er meðal 10 fjölsóttustu fréttaveitna veraldarvefsins, og ekki síður menntun: 12% af öllum háskólanemum heimsins sem stunda nám utan heimalands síns nema við breska háskóla og 4 af 10 bestu háskólum heims eru í Bretlandi. Einnig má nefna íþróttir, en stuðningsmenn um allan heim horfðu á þessu ári á lið úr ensku úrvalsdeildinni mætast í báðum stærstu Evrópukeppnunum í fótbolta.

Þessi upptalning hér er ekki gerð til að berja sér á brjóst. Öll lönd eiga við einhver vandamál að stríða sem þau þurfa að yfirstíga, og Bretland á greinilega í einu slíku þessa stundina. Við eigum að vera auðmjúk gagnvart annmörkum okkar. En við skulum ekki missa sjónar á styrkleikum okkar.



**Öll lönd eiga við einhver vandamál að stríða sem þau þurfa að yfirstíga, og Bretland á greinilega í einu slíku þessa stundina.**

Lely Center Ísland

Flott hliðgrind á lóðina þína!

Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

| Númer | Lýsing | Verð án vsk. | Verð m/vsk. |
|---|---|---|---|
| F000 2140 03 | Hlið 0,92 m, 7 sláa | kr. 12.695 | kr. 15.742 |
| F000 2140 04 | Hlið 1,22 m, 7 sláa | kr. 15.878 | kr. 19.698 |
| F000 2140 05 | Hlið 1,52 m, 7 sláa | kr. 17.536 | kr. 21.745 |
| F000 2140 06 | Hlið 1.83 m, 7 sláa | kr. 19.171 | kr. 23.776 |
| F000 2140 07 | Hlið 2,13 m, 7 sláa | kr. 20.823 | kr. 25.821 |
| F000 2140 09 | Hlið 2.75 m, 7 sláa | kr. 22.982 | kr. 28.489 |
| F000 2140 10 | Hlið 3,05 m, 7 sláa | kr. 29.456 | kr. 36.525 |
| F000 2140 11 | Hlið 3,35 m, 7 sláa | kr. 31.115 | kr. 39.451 |
| F000 2140 12 | Hlið 3,66 m, 7 sláa | kr. 33.112 | kr. 41.059 |
| F000 2140 13 | Hlið 3,95 m, 7 sláa | kr. 34.877 | kr. 43.247 |
| F000 2140 14 | Hlið 4,27 m, 7 sláa | kr. 37.852 | kr. 46.936 |
| F000 2140 15 | Hlið 4,57 m, 7 sláa | kr. 39.885 | kr. 49.457 |
| F000 2140 16 | Hlið 4.88 m, 7 sláa | kr. 44.606 | kr. 55.311 |
| F017 2002 46 | Staur 2,4m m/ læsigati, 2 eyru | kr. 17.342 | kr. 21.504 |
| F017 2002 47 | Staur 2,4m 89 mm, 4 eyru | kr. 17.986 | kr. 22.303 |









Gerðisgrindur

Gerum tilboð í magn eftir teikningum



**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 4. JÚLÍ 2019



Embla Dís Björgvinsdóttir var aðeins sex ára þegar hún prjónaði rúmteppi á hjónarúm. Nú þegar hún er nýorðin tólf ára hefur hún prjónað sér tvær fallegar peysur sem hún elskar að klæðast. →4

ENZYMEDICA

Á að grilla í kvöld?







Sigmundur vissi fljótt hvað hann vildi gera í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við getum verið hvað sem er og hver sem er

Sigmundur Páll Freysteinsson er ungur og upprennandi fatahönnuður sem hefur fengið verðskuldaða athygli fyrir útskriftarlínuna sína úr Listaháskólanum. Hann horfir út fyrir landsteinana og stefnir á framhaldsnám. →2

Framhald af forsíðu ➜

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Sigmundur er 23 ára gamall Vesturbæingur sem nýlega lauk BA-gráðu í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Sigmundur, ásamt skólasystkinum sínum, sýndi útskriftarverk sín á vel sóttri tískusýningu í Hörpu í vor.

„Áhugi minn á tísku byrjaði stuttu eftir að ég fór í framhaldsskóla en það varð fljótt að mínu helsta áhugamáli og það hefur bara stigmagnast síðan þá,“ segir Sigmundur. Þegar áhuginn fór að aukast og fatahönnun orðin að ástríðu þá vissi hann nákvæmlega hvað næsta skref væri. „Það lá nokkuð beint við að fara í fatahönnun fyrst að helsta áhugamálið mitt var hönnun og tíska en eftir að ég byrjaði að feta mín fyrstu skref í fatahönnun varð ekki aftur snúið.“



Hugmyndin á bak við línuna hans Sigmundar snýst um sjálfsmynd.

## Karlmennskan er að breytast

Mikil undirbúningsvinna fór í útskriftarlínuna hans þar sem margar pælingar liggja á bak við hverja flík. „Hugmyndafræðin á bak við línuna mína snýst um sjálfsmyndina og það sem mótar okkur. Við lifum á tímum þar sem sjálfsmynd ungra manna er að breytast og við getum verið hvað sem er og hver sem er. Áhrifin koma úr ýmsum áttum og allt hefur áhrif hvað á annað. Í verkefninu er vísað í þekktar fyrirmyndir ungra manna og þær settar í samhengi við nýjar hugmyndir um karlmennskuna í dag,“ útskýrir Sigmundur.

Það hefur mikið gengið á í tískuheiminum á síðustu misserum þar sem mikil vitundarvakning hefur átt sér stað varðandi loftslagsbreytingar og hreinni jörð. „Það er margt mjög spennandi í tískuheiminum í dag en á sama tíma eru mörg vandamál. Iðnaðurinn starfar á of miklum hraða og er löngu orðið tímabært að breyta venjum innan hans. Það er mikil ofneysla í gangi í tískuvarningi og er mikilvægt að neytendur verði meðvitaðri um hvað þeir eru að kaupa. Það er mikilvægt að vera upplýstur og styðja ekki hraðtískurisa sem nýta sér ódýrt og mengandi framleiðsluferli. Mín ráð eru að kaupa bara frá hönnuðum sem þú treystir og veist hvaðan fötin koma.“

## Hugurinn leitar erlendis

Síðan Sigmundur útskrifaðist hefur hann verið að grúska í alls konar verkefnum. „Það sem er fram undan hjá mér er að vinna í sjálfstæðum verkefnum en næstu skref eru að fara erlendis í starfsnám til að fá dýpri innsýn í iðnaðinn. Ég myndi þá helst vilja fara til Parísar eða London en þar finnst mér vera spennandi vettvangur fyrir unga hönnuði. Það er mikilvægt að fara út á einhverjum tímapunkti til að öðlast starfsreynslu og fá tilfinninguna fyrir því hvernig er að vinna á alþjóðlegum grundvelli. Í kjölfarið stefni ég á framhaldsnám í fatahönnun,“ segir Sigmundur. Framtíðarplön Sigmundar eru nokkuð skýr. „Draumastarfið er að halda áfram að vinna að skapandi verkefnum, það er það sem mér finnst skemmtilegast að gera.“

## Meiri gæði, færri flíkur

Sigmundur hefur lengi verið að fylgjast með tískuheiminum og helstu tískustraumum. Hann passar upp á það að eiga flíkur sem hafa gott notagildi. „Minn persónulegi stíll er mjög mínímalískur. Mér finnst skipta öllu að eiga færri og vel valdar flíkur heldur en að eiga allt of mikið sem týnist í fataskápnum, þar af leiðandi nota ég allt sem er í skápnum mínum.“

Hann á nokkrar gæðaflíkur sem hann heldur mikið upp á. „Frakki frá Yohji Yamamoto og skór frá Carol Christian Poell eru tvennt sem ég gæti ekki verið án. Mér þykir það vera lykilatriði að eiga góða yfirhöfn og góða skó.“



Sigmundur hefur hlotið mikið lof fyrir hönnun sína.



Sigmundur segir að áhrifin komi úr ýmsum áttum.
MYND/SVANHILDUR GRÉTA KRISTJÁNSDÓTTIR

> Það er margt mjög spennandi í tískuheiminum í dag en á sama tíma eru mörg vandamál.









**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



ÚTSALA
30-50%
PASSION LOVE HEART
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Ég er mjög stolt af sjálfri mér

**Embla Dís Björgvinsdóttir var aðeins sex ára þegar hún prjónaði rúmteppi á hjónarúm. Nú þegar hún er nýorðin tólf ára hefur hún prjónað sér tvær fallegar peysur sem hún elskar að klæðast.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Sveitastúlkan Embla Dís Björgvinsdóttir býr á bænum Steintúni á Skógarströnd í Dalabyggð. Hinum megin við túnið, á bænum Emmubergi, býr amma hennar, Kristín Sigríður Guðmundsdóttir.

„Hún amma kenndi mér að prjóna. Ég var pínulítil þegar mig langaði að læra að prjóna og var fljót að ná tökum á prjónaskapnum hjá ömmu. Mér finnst bæði gaman og notalegt að setjast niður með prjónana, maður slakar svo vel á,“ segir Embla Dís sem hafði prjónað á sig tvær gullfallegar peysur áður en hún fagnaði tólfta afmælisdeginum sínum í apríl.

„Það fyrsta sem ég prjónaði var rúmteppi í hjónarúmsstærð. Þá var ég sex ára. Amma hjálpaði mér aðeins við prjónaskapinn og við hekluðum bútana saman. Ég breiði þetta rúmteppi alltaf yfir mig og ofan á sængina á nóttunni, líka þótt mér sé heitt,“ segir Embla Dís og kímir að litríku og undurfögru rúmteppinu.



Embla Dís prjónaði bæði peysuna og teppið sem hún ber á myndinni. Hjá henni er tíkin Sóla. MYNDIR/SIGRÍÐUR SKÚLADÓTTIR

## Hannaði föt

Þótt æviár Emblu Dísar séu rétt orðin tólf hefur hún sýnt fjölþætta færni í margvíslegu handverki, bæði leir og gleri, og hún er afkastamikil prjónakona.

„Handavinnan virðist leika í höndunum á mér. Ég byrjaði snemma að hanna föt og þegar ég var frekar lítil gaf ég systur minni pils í jólagjöf. Ég saumaði það í saumavél í skólanum, en amma kenndi mér líka að sauma og hekla,“ útskýrir Embla Dís sem er nemandi við Auðarskóla í Búðardal.

Á prjónum Emblu Dísar nú eru vettlingar að taka á sig mynd.

„Ég hef prjónað trefla, sokka, peysur og vettlinga. Peysurnar finnst mér skemmtilegastar því það er frekar nýtt fyrir mig að prjóna nothæfa flík en ekki eintóma kassa. Ég hef gott lag á garðaprjóni og sléttu og brugðnu en langar að kunna fleiri prjónaaðferðir og ætla næst að prjóna fínni peysu með köðlum. Það er aðeins flóknari prjónaskapur en það er stutt að hlaupa yfir túnið til ömmu sem ætlar að kenna mér kaðlaprjón og hjálpar mér þegar ég verð strand,“ segir Embla Dís sem á í miklum vinskap við ömmu sína.

„Peysurnar prjónaði ég úr afgöngum af garni frá ömmu og ömmusystur minni. Við byrjuðum bara á að prjóna stroff og úr varð peysa,“ segir Embla Dís sem tók tarnir við að prjóna peysurnar en mamma hennar, Sigríður Skúladóttir, hefur vart undan að skola úr peysunum vegna vinsælda.

„Það er mjög gaman að klæðast peysum sem maður hefur sjálfur prjónað og ég er stolt af sjálfri mér að hafa prjónað þær,“ segir Embla Dís.

## Saumar á kisu

Embla Dís býr í ekta sveit með kýr og kindur á beit, og á bæjunum búa fimm kettir, þar af prinsessan Lotta í Steintúni, sem fær á sig klæðskerasaumuð pils frá Emblu.

„Lotta er mikill tískukóttur, rosaleg frekja og algjör prímadonna. Hún er ekki alltaf að fíla það að vera í pilsunum mínum en það er ágætis æfing að sauma pils í litlum stærðum, eins og á kisu,“ segir Embla Dís og hlær.



Embla Dís í æðislegri röndóttri peysu sem hún prjónaði úr afgöngum frá ömmu sinni. Hún föndrar líka einstakar gjafir handa vinkonum sínum.

> Ég hef prjónað trefla, sokka, peysur og vettlinga. Peysurnar finnst mér skemmtilegastar því það er frekar nýtt fyrir mig að prjóna nothæfa flík.

Hún grípur oft í handavinnuna þar sem hún býr í sveitasælunni og þekkir það ekki að hangsa í símanum.

„Ég er aldrei í símanum og veit ekki einu sinni hvar hann er. Margir strákar í mínum bekk eru alltaf í Fortnite-tölvuleiknum og ég bara skil það ekki. Það hafa samt margir áhuga á handavinnu og þegar við vorum í fjórða bekk stofnaði ég handavinnuklúbb í skólanum og kenndi krökkunum að hekla en í sjötta bekk hefur verið minna um frítíma og prjónaskap,“ segir Embla Dís.

Hún föndrar líka einstakar gjafir handa vinkonum sínum. „Ég hef heklað puttabrúður, oftast ketti, handa vinkonum mínum og bjó til glerkertastjaka með mynd af hesti sem ég pússaði í glerið. Fólk er ánægt með þessar gjafir,“ segir Embla Dís sem bjó fyrstu fjögur æviárin í höfuðborginni.

„Mig langar alls ekki að flytja aftur til Reykjavíkur. Það er svo æðislegt að búa í sveit og alveg rosalega fallegt hérna. Við systkinin erum einu krakkarnir á Skógarströnd en það er bara fínt. Ég er heppin að eiga sex ára bróður og tvíburasystur að leika við. Samkomulagið er gott þótt við rífumst stundum eins og flest systkin. Ég spila á gítar og Kristey systir hefur fallega söngrödd og við höfum verið beðnar um að syngja við messur og komið fram í afmælum. Kristey er þó ekki alveg jafn hrifin af handavinnu og ég. Hún byrjaði á peysu en er ekki enn búin með hana.“






SPORT 24

Íþróttavöruverslun




adidas NIKE hummel PUMA Champion ellesse FILA

**Opnunartími**

Virka daga 11-18
Laugardaga 12-15

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

# Lék í myndbandi Kelvyns Colt

**Símon Nodle hefur síðustu fjögur ár verið að búa til takta og lög sem hann gefur út á SoundCloud.**



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Tónlist Símons er ekki með neinum söng eða rappi. Það mætti lýsa tónlistinni sem rólegri raftónlist. Símon er svo að stjórna kollektívu 15 taktasmiða sem deila sömu tónlistarstefnu og gefa reglulega út lög. Sjálfur hefur Símon fengið mörg hundruð þúsund spilanir á SoundCloud frá því hann gaf út sitt fyrsta lag þar fyrir um tveimur árum. Hann hefur meðal annars endurhljóðblandað lag eftir Joji sem Joji sjálfur setti læk á. Um daginn gaf Símon út 16 laga blandspólu á Spotify sem lýsir að hans sögn tilfinningalegu ferðalagi frá upphafi til enda.

Taktasmiðir semja oft stóran hluta af laglínu rapplaga eða popplaga, ef ekki alla laglínuna. „Þú getur ekki gert gott lag án þess að vera með góðan pródúser (taktasmið).“ Sjálfur stefnir Símon þó ekki á að vinna með íslenskum röppurum. „Ég hlusta varla á íslenskt rapp sjálfur,“ en Símon ber samt virðingu fyrir hörkunni sem rapparar í senunni hér á landi leggja í. Símon lofar að það séu mörg óútgefin lög á leiðinni í útgáfu. Planið er að gefa bæði út lög með öðrum listamönnum og ekki. „Ég er mjög spenntur fyrir því og hlakka til að sjá hvernig það spilast.“


Taktasmiðir fá ekki verðskuldaða athygli fyrir framlag sitt til tónlistarinnar.


Símon Nodle er bæði taktasmiður og fyrirsæta.


Símon ákvað að fara á samning hjá Eskimo fyrir um ári síðan.

> **Ég vil ná því markmiði að einhver hlusti á tónlistina og finni að það er ákveðið hljóð í mínum lögum. Það geta allir gert tónlist en það verður eitthvað að vera á bak við hana. Fólk þarf að geta tengt við lögin.**

### Leitar að sínu hljóði

Eitthvað hefur Símon komið fram, bæði einn og með öðrum tónlistarmönnum á hátíðum á borð við Airwaves og Secret Solstice. „Ég spilaði á tónleikum með Kef LAVÍK og Vagina Boys í Hörpunni fyrir svona tveimur árum.“ Síðan ákvað Símon að hætta að koma fram með lifandi tónlist og sem plötusnúður. „Mig langaði að einbeita mér meira að því að pródúsa og finna mig sem tónlistarmann. Eftir að Símon dró sig í hlé hefur hann sökkt sér í það að finna þetta hljóð sem hann telur sig vera kominn langt með að gera.

„Það er allt að koma til. Ég vil ná því markmiði að einhver hlusti á tónlistina og finni að það er ákveðið hljóð í mínum lögum. Það geta allir gert tónlist en það verður eitthvað að vera á bak við hana. Fólk þarf að geta tengt við lögin.“

### Er reglulega í samskiptum við rapparann Kelvyn Colt

Síðasta ár hefur Símon unnið sem fyrirsæta fyrir umboðsstofuna Eskimo. „Ég fæ samt eiginlega öll verkefnin mín í gegnum Instagram, en þá segi ég þeim sem senda skilaboð beint til mín að hafa samband við Eskimo svo það sé öruggt að ég fái greitt.“ Símon segir að það séu mjög margir sem vilji greiða fyrir fyrirsætustörf með ýmsum vörum en það er varla hægt að lifa á þeim einum.

Símon lék í tónlistarmyndbandi þýska rapparans Kelvyns Colt sem kom út í desember í fyrra. Colt hefur verið á uppleið síðustu misseri og er þekktastur fyrir lagið sitt Bury me alive. Lagið við myndbandið sem Símon lék í heitir Love&hate. Það var tekið upp í íslenskri náttúru þar sem leikararnir eru í gulum göllum sem stangast á við svarthvítt umhverfið. Það má því segja að litasamsetningin passi einstaklega vel við lagið. Símon hefur verið í samskiptum við Colt frá því að þeir kynntust við gerð myndbandsins og jafnvel hefur sú hugmynd komið upp að gera lag saman.

### Rokkar það bara

Það er ekki leiðinlegt að vera fyrirsæta að sögn Símons sem hefur tekið þátt í mörgum tískusýningum síðan hann byrjaði. „Það er alveg mikið stress en um leið og þú ert kominn á staðinn og byrjaður þá er það mjög gaman. Maður rokkar það bara.“

Hins vegar stefnir Símon á að starfa frekar sem fyrirsæta og taktasmiður erlendis enda þekkir hann marga í Bandaríkjunum þar sem hann er hálfbandarískur. Símon segir að hann sé að hugsa um að flytja annaðhvort til London eða Los Angeles, framtíðin er opin og að því er virðist björt líka.

Að lokum vill Símon þakka fyrir sig þar sem taktasmiðir fá oft ekki nægja athygli fyrir sitt framlag til tónlistar í dag.

LAXDAL
SUMARÚTSALAN
OG NÚ ENN MEIRI AFSLÁTTUR



GERRY WEBER
Taifun
Betty Barclay
OG FLEIRRI
NÚ ER TÆKIFÆRI AÐ EIGNAST GÆÐAFATNAÐ SEM ENDIST
Skoðið laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Hjólhýsi



Til sölu Kip-4,20 hjólhýsi árg '90. Ný innflutt og vel með farið. Fortjald-innbyggt salerni og innbú fylgir, frekari upplýsingar í síma 699-4329

## Bátar




## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSASMIÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmiði, viðgerðir og viðhald.
**Uppl. í s. 858 3300**
**serfagehf@gmail.com**

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

## Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**









**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.790.000**
Afborgun kr. 48.267 á mánuði



**Honda Civic Tourer Comfort**
Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.590.000**
Afborgun kr. 33.095 á mánuði



**Honda CR-V Executive dísil**
Nýskráður 5/2016, ekinn 39 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
**Verð kr. 4.350.000**
Afborgun kr. 55.347 á mánuði



**Toyota Proace Verso 8 manna**
Nýskráður 5/2017, ekinn 46 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.990.000**
Afborgun kr. 63.438 á mánuði



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 39 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**
Afborgun kr. 22.981 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**

Til leigu í Bolholti 4, næsta húsi við Laugaveg 178
Verslunarhúsnæði á götuhæð 235 fm. Laust strax.
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. 150 fm. Laust fljótlega.
Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð. 180 fm. Laust fljótlega.

**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**

**Grensás ehf. / Ragnar**

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Yfirvélstjóri óskast á Þrist BA 36 í afleysingar. Uppl í síma 8410863 Jón

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn, vanir jarðvinnu. Uppl. í s. 8970731

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**


GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

**Breyting á deiliskipulagi hluta hverfis austan Reykjavíkurvegar í Hafnarfirði Gjótur – reitir 1.1 og 1.4. sbr. rammaskipulag samþ. 15.5. 2018.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 29. 05. 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi hluta hverfis austan Reykjavíkurvegar í Hafnarfirði, Gjótur – reitir 1.1 og 1.4. sbr. rammaskipulag samþ. í skipulags- og byggingarráði 15.5. 2018. Landnotkun svæðisins er ÍB2 samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Í deiliskipulags-breytingunni felst heimild til þróunar á íbúðar- og þjónustuhúsnæði á reitnum.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 4. júlí til 15. ágúst 2019. Hægt er að skoða tillöguna á www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu, eigi síðar en 15. ágúst 2019.

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**KRUMMAHÓLAR 2, 111 REYKJAVÍK**



**OPIÐ HÚS**

90,3 fm mjög falleg og mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á 4. hæð ásamt bílskúr og geymslu í kjallara. **Verð 39,9 m.**
**Opið hús fimmtudaginn 4. júlí milli kl. 17.00 og 17.30**
**Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 821 9098, hilmar@eignamidlun.is, Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is**

**Fljótsbakki**
**801 Selfoss**



Heilsárshús 120 fm við Fljótsbakka 29 í nágrenni við Sogið
Eignin skiptist í 4-5 svefnherbergi
Gestahús með baðherbergi - Góðar útigeymslur fylgja
Heitt vatn er komið í húsið sem er hitað upp með ofnum
Fallegt útsýni til Ingólfsfjalls og víðar



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð :
**39,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -





Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**EYJALIND**

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**



**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bildshöfða 16, Rvk.
**PREKTÆKI**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



LYKTAR EKKI
100% MERINO ULL
FYRIR UNGA FÓLKIÐ
HLÝRRI
Stingur ekki
Oasis Crewe barna
5.990 kr.
Oasis Leggings barna
5.990 kr.
Sphere Tank dömu
8.490 kr.
Away rennd hettupeysa dömu
25.990 kr.
Anatomica Rib Tank herra
7.990 kr.
Compass Shirt herra
19.990 kr.
icebreaker® MERINO
Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Amplify herra
9.990 kr.
Departure skyrta herra
18.990 kr.
Stingur ekki
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Fljótt að þorna
Hnökrar lítið sem ekkert
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Helix jakki m/hettu dömu
34.990 kr.
Helix jakki herra
31.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, leggings, jakkar, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.
Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir
Oasis hálfrennd dömu
13.990 kr.
Oasis Crewe herra 11.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa dömu
23.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa herra
23.990 kr.
Everyday Cami dömu
6.990 kr.
Siren Tank dömu
6.990 kr.
ICEBREAKER
Anatomica Zone Boxers herra
6.590 kr.
Zone Short dömu/herra
7.990 kr.
Oasis Legless dömu
10.990 kr.
Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.
Tech Lite dömu
9.990 kr.
Tech Lite herra
9.990 kr.
Tech Lite herra
10.990 kr.
Zone Crewe dömu
9.990 kr.
Zone hálfrennd dömu
11.990 kr.
Everyday Crewe dömu
9.990 kr.
Everyday hálfrennd herra
10.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
GG·sport
BYKO
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# Skítt með einn kálf



**Ole Anton Bieltvedt**
stofnandi og formaður Jarðarvina

Á dögunum átti undirritaður fund með umsjónarmanni hreindýra, sem er starfsmaður Náttúrustofu Austurlands. Ágætismaður, sem veit meira um hreindýrin á Íslandi og málefni þeirra en flestir aðrir. M.a. kom fram, að af þeim hreindýrum, sem felld voru í fyrra, höfðu 33 dýr gömul skotsár. Það er ekki hátt hlutfall af heildarfjölda felldra dýra í fyrra, en það sýnir samt, með skýrum hætti, að hreindýraveiðum – eins og öllum veiðum – fylgir heiftarlegt dýraníð. 33 dýr höfðu lifað fyrri skotárásir veiðimanna af. Kannske bækluð og limlest, þó þau hafi tórað, til þess eins, að vera skotin aftur og þá drepin.

En, hvað með öll þau dýr, sem voru skotin, án þess að lifa af; komust undan veiðimanni til þess eins að deyja drottni sínum í sárum og kvölum. Blýkúlur valda oft ígerð í sárum og svo drepi og blóðeitrun; langvinnum og heiftarlegum dauðdaga. Kannske ráfa særð dýr, með brotinn fót eða mjöðm eða sundurskotið trýni eða haus – ófær um að ná sér í næringu – um dögum eða vikum saman. Þar til dauðinn loks líknar. Yfirkeyrð lýsing? Nei, þetta er raunveruleikinn; skuggahlið hreindýraveiða.

Úr því að 33 dýr, sem höðu verið skotinn áður, en lifðu af, voru drepin í fyrra, þá er ljóst, að heildarfjöldi þeirra hreindýra, sem hefur verið skotinn og lifað af, eða særst, og komist undan, til þess eins, að kveljast til dauða fjarri veiðimanni, skiptir mörgum hundruðum. Hræðileg meðferð á saklausum og varnarlausum dýrum, sem ekkert hafa sér til sakar unnið. Og, áhugi veiðimanna er slíkur, að aðeins helmingur þeirra, sem vilja komast í drápið, kemst að. Kostar þó 150.000 kr. að fá að drepa tarf og 86.000 kr. að fá að drepa kú.

Veiðimenn virðast hafa af þessu mikla gleði og unun, og verða þá þessir fjármunir, sem sumum finnst verulegir, óverulegir og smáir, alla vega miðað við þá drápsgleði og fróun, sem drápið virðist veita. Hvers konar menn eru þetta? Alls konar menn, líka flottir og fínir, en það hlýtur að vera blindur blettur í þeim; einhvers staðar í sálinni. Sumir veiðimenn, líka konur, tala um „kikkið“, sem það veitir, að sjá fallegt og tignarlegt – en saklaust og varnarlaust – dýrið falla í valinn, ef drápstilraunin tekst þá, og skiptir þá litlu máli, þó að eftir standi 8-10 vikna móðurlaus og hjálparvana kálfur. Skítt með einn kálf.

**Kannske ráfa særð dýr, með brotinn fót eða mjöðm eða sundurskotið trýni eða haus – ófær um að ná sér í næringu – um dögum eða vikum saman. Þar til dauðinn loks líknar.**

Lengi vel var skylda við dráp á heindýrakúm, að drepa kálf með, því vitað var, að hann myndi eiga erfitt uppdráttar – ósjálfbjarga ungviðið, enn á spena og það til margra mánaða, ef móður ætti. Þá kom í ljós, að í stað þess að skjóta kálf felldrar kýr, þá skutu veiðimenn bara stærsta kálfinn í hjörðinni – meira kjöt – og sköpuðu þar með enn meiri angist, vansæld, hörmungar og ringulreið í hjörðinni.

Einhverjum ráðherra fannst þetta ekki gott, og var þá ákveðið, að skjóta bara kýr. Skyldu kálfar lifa áfram – þó sumir væru rétt 8 vikna, þegar kúadráp hefst – í þeirri von, að einhverjar eftirlifandi kýr myndu taka þá að sér – þótt ónáttúrulegt væri –, vetur yrði mildur eða kraftaverk Móður Náttúru myndu gerast og kálfar myndu tóra veturinn af; kannske þyrstir, svangir, magrir og heiftarlega hrjáðir, en hvað með það. Skítt með einn kálf.



Í ár ákvað umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi, að drepa mætti 1.451 hreindýr, þar af 1.043 kýr. Dráp tarfa, 408 dýra, má hefjast 15. júlí. Venjulega hefur svo mátt byrja að drepa kýr 1. ágúst, en þar sem kálfar fæðast mest um mánaðamótin maí/júní, eru þeir þá rétt 8 vikna. Með tilliti til þess, að kálfar eru á spena minnst í 5 til 6 mánuði, ef móðir lifir, er auðvitað óheyrilegt, að drepa mæður frá þeim 8 vikna gömlum. Er þá önnur umönnun, vernd og hjálp móður, m.a. við gerð krafshola á vetrum, ótalin.

Við í Jarðarvinum höfum síðustu mánuði og misseri lagt að stjórnvöldum, þó einkum umhverfisráðherra, sem síðasta orðið hefur, að griðatími hreindýrakálfa verði lengdur, með afgerandi hætti, til að auka velferð þeirra, líka til að byrjað væri að fylgja lögum nr. 55/2013 um dýravelferð – sem eru góð, en ekki hefur verið fylgt, sem skyldi – og er málið nú í höndum ráðherra.

Það eru í raun bara tvær villtar hreindýrahjarðir eftir í Vestur-Evrópu; í Noregi og hér. Í Noregi gildir griðatími hreindýrakálfa til 20. ágúst. Þá fyrst má byrja að drepa kýr.

Undirritaður vill með þessum pistli endurtaka áskorun sína á Guðmund Inga, sem gert hefur ýmsa góða hluti í öðru, um það, að hann taki nú fyrsta skrefið í átt að aukinni velferð hreindýra, með því, að færa byrjunartíma kúaveiða á 20. ágúst til samræmis við það, sem gildir í Noregi. Þetta væri spor í rétta átt, en samt ekki meira.






# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!

**Lúxusgrillpakki**
**1.374** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG
-45%







**Grillleggir**
Porkwings
-50%
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG

-57%




**Lambagrill-sneiðar**
Béarnaise
**988** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.298 KR/KG

-34%



**Lamba-klumpur**
Black garlic
**1.979** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG




**Kindamjaðmir**
-50%
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG

## GÓMSÆTT GRÍSAKJÖT Á GRILLIÐ!



**Grill mix**
í kryddsmjöri
**1.079** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.798 KR/KG
-40%

-20%



**Nauta entrecote**
**3.598** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.498 KR/KG



-20%
**Nautaborgarar**
4x90 gr með brauði
**798** KR/PK
**ÁÐUR:** 998 KR/PK



-31%
**Croissant**
með skinku og osti
**179** KR/STK
**ÁÐUR:** 259 KR/STK

**Jarðarber**
250 gr
-50%
**279** KR/PK
**ÁÐUR:** 558 KR/PK



**nettó**
**Lægra verð - léttari innkaup**



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 4. - 7. júlí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

**Skv. könnun Fréttablaðsins*



Alls staðar vantar merkt hjólastólastæði og sæti fyrir aðstoðarfólk. Ekkert félag er með upplýsingar á aðgengilegu formi, t.d. upplýsingar á heimasíðu, er varðar þá aðstöðu og aðgengi. Þá geti skert sjónlína valdið því að fatlaðir stuðningsmenn missi af mörkum. NORDICPHOTOS/GETTY

# KR-ingar skilja ekkert í vanvirðingu umferðarinnar

**Starfsmenn KR voru sakaðir um dónaskap gagnvart ungum manni í hjólastól í toppslag KR og Breiðabliks. KR-ingar segja þó að allir hafi verið rólegir og málið hafi verið leyst án illinda. Aðgengismál fatlaðra á knattspyrnuvöllum er í lamasessi hér á landi.**

**FÓTBOLTI** „Við erum vanir því að þegar okkur gengur vel þá búa menn til eitthvað úr engu,“ segir Sveinbjörn Þorsteinsson starfsmaður hjá KR en fótbolti.net sagði frá atviki á leik KR og Breiðabliks sem vakti töluverða athygli.

Ungur maður í hjólastól hafði þá mætt til að horfa á toppslaginn og verið vísað á þar til gert svæði ásamt föður sínum eða aðstoðarmanni. Í frétt fótbolta.net segir að vallarstarfsmenn hafi svo mætt og, hirt stólinn af þeim sem var með fatlaða drengnum og vísað þeim úr sólinni í skugga og beðið þann sem var með drengnum að fara hinumegin við skiltin.

Fréttin bar heitið Hófið-Vanvirðing umferðarinnar og sköpuðust töluverðar umræður um hana á samfélagsmiðlum þar sem samfélagsmiðlaorð voru höfð uppi um hegðun KR-inga.

Sveinbjörn segir að þarna sé verið að gera úlfalda úr mýflugu. „Mér skilst, á eldri sjálfboðaliða hjá okkur, að hann hefði beðið einstakling í hjólastól að færa sig á þann stað þar sem þeir eru venjulega því viðkomandi hafði farið á vitlausan stað. Þetta var allt gert á rólegum nótum og leystist farsællega.

Fyrir mér er verið að gera úlfalda úr mýflugu. Hann var beðinn um að færa sig fimm metra til hliðar því hann var svolítið nálægt línuvörðunum og var því beðinn um að færa sig þangað sem hann væri ekki í hættu. Þannig upplifðum við þetta.“

Hann bætir því við að hjólastólar hafi verið á sama svæði í fjölda mörg ár og enginn hafi kvartað svo hann viti til. „Hjólastólarnir eru á ákveðnu svæði, nálægt þar sem leikmenn ganga út á völl. Þessi fór svolítið nálægt vellinum og var nánast ofan í hliðarlínunni og aðstoðardómaranum. Þetta var voðalega saklaust – allavega af okkar hálfu.“ – **bb**

**Mér skilst, á eldri sjálfboðaliða hjá okkur, að hann hefði beðið einstakling í hjólastól að færa sig á þann stað þar sem þeir eru venjulega því viðkomandi hafði farið á vitlausan stað. Þetta var allt gert á rólegum nótum og leystist farsællega.**

## Niðurstöður Alexanders

| | Í lagi | Ekki í lagi |
|---|---|---|
| Eru aðgengileg bílastæði við völl? | 15 | 0 |
| Er skutlsvæði minna en 50 m frá inngangi? | 15 | 0 |
| Er miðasala aðgengileg? | 12 | 3 |
| Fara fatlaðir stuðningsmenn sömu leið að stúkunni og aðrir stuðningsmenn? | 15 | 0 |
| Eru allar merkingar einfaldar og skýrar? | 0 | 15 |
| Komast fatlaðir stuðningsmenn í stúku? | 10 | 5 |
| Er fjöldi hjólastólastæða í stúku fullnægjandi? | 0 | 15 |
| Er sjónlína úr hjólastólastæðum fullnægjandi? | 5 | 10 |
| Eru sérstök sæti ætluð aðstoðarfólki fatlaðra stuðningsmanna? | 0 | 15 |
| Geta fatlaðir stuðningsmenn setið hjá öðrum stuðningsmönnum síns liðs? | 8 | 7 |
| Eru upplýsingar frá félagi á aðgengilegu formi? | 0 | 15 |
| Komast fatlaðir stuðningsmenn í samkomusal? | 15 | 0 |
| Eru sölubásar aðgengilegir fötluðum stuðningsmönnum? | 9 | 6 |
| Eru aðgengileg salerni við völlinn? | 13 | 2 |

## Á öllum völlunum þarf að gera úrbætur í aðgengismálum



Alexander Harðarson tómstundafræðingur gerði úttekt á fótboltavöllum í BA-ritgerð sinni í tómstunda- og félagsmálafræði árið 2017. Yfirskrift ritgerðarinnar var Aðgengi fatlaðra stuðningsmanna á knattspyrnuvöllum á Íslandi. Þar heimsótti hann alla velli í efstu deild karla og kvenna þar sem kom í ljós að á öllum völlunum þarf að gera úrbætur í aðgengismálum til að tryggja aðgengi.

„Það hefur ekkert breyst síðan ég skrifaði þessa ritgerð. Ég er svona 98 prósent viss,“ segir Alexander. Í ritgerðinni segir að á öllum völlum vanti skilgreind hjólastólastæði í stúku og þar með merkingar þar um. Alls staðar vanti merkt hjólastólastæði og sæti fyrir aðstoðarfólk við hlið þeirra. Ekkert félag er með upplýsingar á aðgengilegu formi, t.d upplýsingar á heimasíðu, er varðar þá aðstöðu og aðgengi sem félagið býður upp á. Þá geti skert sjónlína valdið því að fatlaðir stuðningsmenn missi af mörkum eða öðrum stórum atriðum leiksins. Þá bendir Alexander á í ritgerðinni að þegar einstaklingur fær ekki réttar upplýsingar um aðstöðu félags eru minni líkur á að viðkomandi mæti á völlinn. „Ég hef farið til að kynna mér málin á völlum á Spáni meðal annars og fengið góðar upplýsingar um stöðu mála annars staðar. Það verður að segjast að Íslendingar eru ansi aftarlega á merinni.“



Tiger Woods með verðlaunagripinn fyrir Masters. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tiger fékk bikarinn í pósti

**GOLF** Kylfingurinn Tiger Woods bar sigur úr býtum á Masters um miðjan apríl fyrr á þessu ári. Hann fór í frí eftir sigurinn á Masters-mótinu og hefur því verið fjarverandi frá heimili sínu í nokkrar vikur og fékk svo óvæntan glaðning sendan á heimili sitt í Flórída.

Þar hafði hann fengið verðlaunagripinn fyrir sigurinn á Masters-mótinu sem hann vann fyrir þremur mánuðum. Tiger greindi frá þessu á Instagram-síðu sinni.

„Þegar ég kom heim sá ég að það beið mín pakki. Held að ég geti klárlega fundið stað fyrir þennan fallega grip. Takk kærlega fyrir stuðninginn og kveðjurnar kæru vinir,“ skrifar Tiger við myndina af verðlaunagripnum.

Tiger sem hefur unnið 15 risamót á ferlinum batt enda á tíu ára bið sína eftir sigri á risamóti þegar hann fór með sigur af hólmi á Masters.

Þetta var í fimmta skipti sem Tiger vinnur Masters-mótið og í fyrsta skipti síðan árið 2005. Þar með á hann fimm verðlaunagripi frá mótinu sem eru eftirlíking af klúbbhúsinu sem stendur við Augusta National-völlinn. – **hó**

# Rodri á leið til Man.City

**FÓTBOLTI** Manchester City hefur virkjað ákvæði í samningi spænska landsliðsmannsins Rodri sem leikur með Atlético Madrid og mun að öllum líkindum ganga frá kaupum og kjörum og landa honum á næstu dögum.

Enska félagið þarf að greiða 63 milljónir punda til þess að losa Rodri undan samningi við Atlético Madrid en það hefur legið fyrir í nokkurn tíma að Pep Guardiola vilji styrkja miðsvæðið.

**63**

**milljónir punda er verðið sem Man.City þarf að greiða fyrir Rodri.**

Fernandinho er orðinn 34 ára gamall og Guardiola hefur hug á að minnka álagið á honum á næstu leiktíð og aukinheldur finna leikmann sem getur tekið algerlega við hlutverki hans sem djúpur miðjumaður þegar fram í sækir.

Þá hefur Harry Maguire einnig verið orðaður við Manchester City til þess að fylla skarð Vincents Kompany sem fór til belgíska liðsins Anderlecht fyrr í sumar. – **hó**

# Árlegt fjárframlag Stjörnunnar 130 milljónir

**ÍÞRÓTTIR** Garðabær greiðir Stjörnunni 130 milljónir sem árlegt fjárframlag en bærinn og félagið endurnýjuðu samstarfssamning fyrir skemmstu. Samningurinn var kynntur í bæjarráði á þriðjudag. Félagið skal ráðstafa fjárframlögum til íþróttaskóla, almenns rekstrar og afreksstarfsemi.

Að auki veitir Garðabær félaginu afnot af íþróttamannvirkjum bæjarins að verðmæti 90 milljónir króna. Jafnframt veitir Garðabær félaginu árlegan styrk til greiðslu fasteignagjalda í samræmi við reglur bæjarins um styrki til greiðslu fasteignaskatts. Ekki kemur fram hve hár sá styrkur er.

Leikmenn meistaraflokks Stjörnunnar í öllum íþróttum þurfa ekki að greiða í sund samkvæmt samningnum.

Leikmenn fá úthlutaða miða en markmiðið er að að bæta hvíld og endurheimt leikmanna. Þurfa þeir að nota rafræn skilríki til að framvísa miðunum. Samkvæmt samningnum ætlar félagið að leggja sig fram um að hækka ekki æfingagjöld umfram vísitölu á samningstímabilinu sem er til 2022.


Leikmenn meistaraflokks þurfa ekki að borga í sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Garðabæjarlistinn sat hjá við afgreiðslu samningsins en hann var samþykktur með fjórum atkvæðum.

Í bókun Garðabæjarlistans segir að hann leggist gegn því að ekki sé dregin fram skýr áhersla á aðgerðir um frekari útfærslur á systkinaafslætti sem og sértækar aðgerðir til að auka tækifæri fatlaðra barna til iðkunar íþrótta. – **bb**


**Jón Daði þarf að öllum líkindum að finna nýtt lið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Jón Daði líklega á förum

**FÓTBOLTI** Jón Daði Böðvarsson, framherji íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, virðist vera á leið frá enska knattspyrnufélaginu Reading. Það að er Jonathan Low, blaðamaður Get Reading, sem greinir frá þessu á Twitter.

Jón Daði mun ekki fara með leikmannahópi Reading sem heldur til Spánar á sunnudaginn kemur.

Hann verður þessi í stað áfram í Reading ásamt þeim leikmönnum sem eru ekki í framtíðarplönum José Manuel Gomes sem tók við stjórnartaumunum hjá Reading í desember á síðasta ári.

Íslenski landsliðsframherjinn var meiddur stóran hluta af síðasta keppnistímabili en hann skoraði sjö mörk í þeim 20 leikjum sem hann spilaði fyrir Reading síðasta vetur. – **hó**

## Tryggvi Snær áfram á Spáni

**KÖRFUBOLTI** Tryggvi Snær Hlinason, landsliðsmiðherji í körfubolta, mun spila áfram á Spáni næsta vetur ef marka má spænska netmiðilinn Encestando.

Þar kemur fram að Tryggvi Snær hafi samið við spænska úrvalsdeildarliðið Zaragoza. Hann hefur verið á mála hjá Valencia síðustu tvær leiktíðir en hann var á láni frá félaginu hjá Monbus Obradorio á síðasta tímabili.

**» Tryggvi Snær Hlinason hefur leikið með Valencia og Monbus Obradorio á Spáni og er nú á leið til Zaragoza.**

Tryggvi Snær var svo leystur undan samningi við Valencia fyrr í sumar og hann hefur undanfarnar vikur verið að leita sér að nýju félagi og nú virðist þeirri leit vera lokið.

Zaragoza hafnaði í sjötta sæti í spænsku deildinni í vor og komst í undanúrslit í úrslitakeppni deildarinnar. Liðið verður á meðal keppenda í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Tryggvi verður annar Íslendingurinn til þess að leika með Zaragoza ef að líkum lætur en Jón Arnór Stefánsson var á mála hjá liðinu frá 2011 til 2014. – **hó**





# Hleypt á sprett

Íslandsmeistaramót í hestaíþróttum í yngri og eldri flokkum hófst í gær í Víðidal í Reykjavík. Í gær var meðal annars keppt í fjórgangi ungmenna. Meðal þeirra sem léku listir sínar þegar Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, kom við á mótsstað voru Dagbjört Skúladóttir á Gljúfra frá Bergi, Þorgils Kári Sigurðsson á Fáki frá Kaldbak og Jóhanna Guðmundsdóttir á Leyni frá Fosshól. Dagskráin heldur áfram í dag og stendur keppnin fram á sunnudag þegar mótinu verður slitið.











✝

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**Einar Bogi Sigurðsson**

Suður-Reykjum 3, Mosfellsbæ,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 30. júní sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristján Ingi Jónsson**
**Ágúst Rafn Einarsson** **Rakel Guðmundsdóttir**
**Matthías Einarsson** **Clare Patricia Dilworth**
**Erna Einarsdóttir**
**Sigurður Ágúst Finnbogason** **Guðríður Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Okkar hjartfólgni faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Dagfinnur Stefánsson**

flugstjóri,

sem lést 16. júní, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 10. júlí og hefst athöfnin kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík.

**Inga Björk Dagfinnsdóttir**
**Stefán Dagfinnsson**
**Leifur Björn Dagfinnsson** **Hlín Bjarnadóttir**
**Íris Stefánsdóttir** **Kjartan Freyr Jónsson**
**Áslaug Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Ingibjörg Guðmundsdóttir**

Víðilundi 10, Akureyri,

lést fimmtudaginn 27. júní á Dvalarheimilinu Hlíð. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 8. júlí kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Eyjafjarðardeild Rauða krossins njóta þess.

**Ólafur Tryggvason**
**G. Inga Tryggvadóttir**
**Aðalbjörg Tryggvadóttir**
**Eygló Tryggvadóttir** **Pétur Hallgrímsson**
**Valrós Tryggvadóttir** **Jóhann Eyland**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Sturludóttir**

lést þann 28. júní á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram föstudaginn 5. júlí kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju.

**Þórunn Þorláksdóttir** **Þorgeir Jónsson**
**Herborg Þorláksdóttir**
**Guðsteinn Þorláksson** **Lindsey Hillier-Tate**
**Ólafur Magnús Þorláksson**
**Ragnheiður Þorláksdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Ólafur Maríusson**

fv. kaupmaður,

lést mánudaginn 24. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. júlí klukkan 15.

**Jón Magni Ólafsson** **Sigríður Magnúsdóttir**
**Rannveig Sturlaugsdóttir**
**Símon Ólafsson** **María Júlía Alfreðsdóttir**
**Hanna Ólafsdóttir** **Einar Gíslason**
**og fjölskyldur.**



✝

Okkar kæra

**Magna Ásmundsdóttir**

frá Skálanesi, Urðarteigi 11, Neskaupstað.

verður jarðsungin frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 5. júlí næstkomandi kl. 14.00.

**Þóroddur Már Árnason**
**Ása Jarþrúður Jónasdóttir** **Ove Hansen**
**Jóna Járnbrá Jónsdóttir** **Gísli Ingvason**
**Ásmundur Jónsson** **Rosmarie Jónsson**
**Jón Gunnar Jónsson** **Laisy Mörköre**
**barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubarn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Geir Þorsteinsson**

Móaflöt 45, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 27. júní sl. Útför hans verður gerð frá Vídalínskirkju þriðjudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Ingveldur Björg Stefánsdóttir**
**Stefán Árni Einarsson** **Sigurrós Ragnarsdóttir**
**Þorsteinn Einarsson** **Ásta Sigrún Helgadóttir**
**Guðni Geir Einarsson** **Andrea Gerður Dofradóttir**
**Áslaug Einarsdóttir** **Einar Örn Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Hagalínsdóttir**

húsmóðir, Skólavörðustíg 26,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 1. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðrún Haraldsdóttir**
**Einar Ólafur Haraldsson** **Helga Hrönn Elíasdóttir**
**Ómar Ingi Magnússon**
**Guðrún Kristín Einarsdóttir**
**Eydís Björk Einarsdóttir**
**Karen María Einarsdóttir**



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ragnar Nikulás Christiansen**

Fljótsmörk 6-12, Hveragerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 27. júní. Útför fer fram frá Hveragerðiskirkju 8. júlí kl. 14.00.

**Ásta Borg Jóhannsdóttir og fjölskylda.**



✝

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Þórarinsson**

húsasmíðameistari, til heimilis að Kópavogsbraut 1a,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 7. júní sl. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 8. júlí kl. 13.

**Sigríður Þorláksdóttir**
**Ólafur Helgason** **Linda Sunnanvader**
**Salína Helgadóttir** **Einar Long**
**Guðmundur Helgason** **Hildur Jósefsdóttir**
**Þröstur Helgason** **Gerður Jónsdóttir**
**Hermann Brynjólfsson** **Eygló Lilja Ásmundsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sævar B. Sörensson**

rafmagnsiðnfræðingur,

lést 29. júní á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Nesvöllum í Reykjanesbæ.

**Guðfinna Sigurþórsdóttir**
**Sigurþór og Áslaug**
**Karen og Heiður**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pálmar Árni Sigurbergsson**

hljóðfærasmiður,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 19. júní. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. júlí klukkan 13.

**Jóhanna Snorradóttir**
**Vilberg Pálmarsson**
**Lydía Pálmarsdóttir** **Vigfús Gunnar Gíslason**
**Ágústína Guðrún Pálmarsdóttir** **Sigurður Örn Sigurðarson**
**Einar Bergur Pálmarsson**
**Unnur Pálmarsdóttir** **Gylfi Már Ágústsson**
**afabörn og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástin mín eina og eiginmaður, elsku pabbi besti, ástkær sonur, bróðir, tengdasonur, barnabarn og kær vinur okkar allra,

**Bjarki Már Sigvaldason**

HK-ingur og Nike legend, Bjallavaði 3, Reykjavík,

kvaddi á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 27. júní umvafinn ástvinum sínum. Jarðarför mun fara fram í Hallgrímskirkju föstudaginn 12. júlí kl. 11. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning þeirra mæðgna.

**Ástrós Rut Sigurðardóttir**
**Emma Rut Bjarkadóttir**
**Sigvaldi Einarsson** **Guðlaug Birgisdóttir**
**Hrefna B. Sigvaldadóttir** **G. Ágúst Ólafsson**
**Ingibjörg Sigvaldadóttir** **Kári Tristan Helgason**
**Aldís Hafsteinsdóttir** **Ívar Bragason**
**Sigurður Þorvaldsson** **Guðrún S. Reynisdóttir**
**Þóra Sigurjónsdóttir**
**ættingjar, vinir og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Andrea Guðrún Tryggvadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum þriðjudaginn 25. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 10. júlí kl. 13.00.

**Ólafía Sigurðardóttir**
**Kristján T. Sigurðsson**
**Hringur Sigurðsson**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskuleg móðir mín,

**Þorgerður Gunnarsdóttir**

frá Flatey á Skjálfanda,

er látin. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju klukkan 14.00 föstudaginn 5. júlí.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þráinn Guðni Gunnarsson**

## Á ÍRSKUM DÖGUM



# LOPAPEYSAN
# 06.07.19
# AKRANESI

PAPAR

JÓNSI

ALBATROSS

BIRGITTA HAUKDAL

SVERRIR BERGMANN

STEFÁN HILMARSSON

HELGI BJÖRNSSON

HERRA HNETUSMJÖR

CLUB DUB

FRIÐRIK DÓR

BLAZ ROCA

JÓN JÓNSSON

DJ - RED

BREKKUSÖNGUR MEÐ
**INGÓ VEÐURGUÐ**
KL:22 VIÐ AKRANESVÖLL
Í BOÐI **CLUB 71**

Miðasala hafin á midi.is
og Eymundsson akranesi

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BISTRO • BAR
VÍKING BRUGGHÚS
vinir hallarinnar
midi.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 4 |
| Ísafjörður | 5 | 5 |
| Akureyri | 9 | 3 |
| Egilsstaðir | 8 | 1 |
| Kirkjubæjarklaustur | 9 | 5 |
| Hveravellir | 7 | 4 |

Suðaustlæg eða austlæg átt 5-13 m/s og rigning eða súld um sunnan- og vestanvert landið. Bjart að mestu norðaustan til, en þykknar upp síðdegis með dálítilli úrkomu í kvöld og nótt. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast norð-austan til, en heldur svalara á morgun.

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 | 2 |
| Ísafjörður | 7 | 3 |
| Akureyri | 7 | 3 |
| Egilsstaðir | 8 | 4 |
| Kirkjubæjarklaustur | 9 | 3 |
| Hveravellir | 6 | 4 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 | 3 |
| Ísafjörður | 9 | 2 |
| Akureyri | 8 | 2 |
| Egilsstaðir | 8 | 5 |
| Kirkjubæjarklaustur | 15 | 2 |
| Hveravellir | 10 | 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | 2 | | 3 | 5 | | 6 | | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | | 9 | 2 | 3 | |
| | | 9 | 6 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | 1 | | 8 | |
| | 6 | | | | | | 2 | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 1 | 3 | | 9 | |
| 5 | | | 7 | | | 1 | | |
| | 1 | | 6 | | | | 5 | |
| | 9 | 5 | 2 | | | | 4 | |
| | | 6 | 4 | | | 8 | | |
| 3 | 7 | | | 5 | 1 | | | |
| 6 | | | | | 8 | | | 4 |
| | 5 | 9 | | | 7 | | 8 | |
| | | | | 6 | | 9 | | |

**ÞUNG**

